

Nd. **915. Frumvarp til laga** [491. mál]

um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum.

(Lagt fyrir Alþingi á 107. löggjafarþingi 1984—85.)

I. KAFLI

Tilgangur laganna og orðaskýringar.

1. gr.

Tilgangur þessara laga er:

- a) að stuðla að framförum og aukinni hagkvæmni í búvöruframleiðslu, og vinnslu og sölu búvara til hagsbóta fyrir framleiðendur og neytendur.
- b) að framleiðsla búvara til neyslu og iðnaðar verði í sem nánustu samræmi við þarfir þjóðarinnar, og tryggi ávallt nægjanlegt vöruframboð við breytilegar aðstæður í landinu.
- c) að nýttir verði sölumöguleikar fyrir búvörur erlendis eftir því sem hagkvæmt er talið.
- d) að kjör þeirra, sem landbúnað stunda, verði í sem nánustu samræmi við kjör annarra stétta.
- e) að innlend aðföng nýtist sem mest við framleiðslu búvara, bæði með hliðsjón af framleiðsluöryggi og atvinnu.
- f) að stuðla að jöfnuði á milli framleiðenda í hverri búgrein hvað varðar afurðaverð og markað.

2. gr.

Merking orða í lögum þessum er sem hér segir:

Afurðastöð er hver sú atvinnustarfsemi lögaðila eða einstaklings, sem tekur við búvörum úr höndum framleiðenda til vinnslu, flokkunar, pökkunar, geymslu, heildsölu og/ eða dreifingar.

Búvörur teljast í lögum þessum afurðir búfjár, þ. m. t. afurðir nautgripa, sauðfjár, hrossa, svína, alifugla og loðdýra, afurðir nytjajurta og afurðir hlunninda. Lög þessi taka ekki til afurða alifiska.

Fóður merkir í lögum þessum vöru, sem notuð er til fóðrunar búfjár við búvöruframleiðslu.

Framleiðandi er hver sá sem á eigin vegum hefur með búvöruframleiðslu að gera, hvort sem er einstaklingur, lögaðili, aðili að félagsbúi eða ríkisbú.

Lögbýli eða jörð er í lögum þessum skilgreint skv. 1. gr. ábúðarlaga nr. 64 31. maí 1976 með síðari breytingum.

Sláturleyfishafi er hver sá aðili, sem fengið hefur löggildingu til slátrunar búfjár skv. lögum nr. 30 28. apríl 1966 um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum með síðari breytingum.

Verðlagsár er tímabilið frá 1. september til 31. ágúst árið eftir.

Rísi ágreiningur um, hvað falla skuli undir hugtök þessi, sker landbúnaðarráðherra úr þeim ágreiningi.

II. KAFLI

Yfirstjórn og samtök framleiðenda.

3. gr.

Landbúnaðarráðherra fer með yfirstjórn þeirra mála, sem lög þessi taka til.

4. gr.

Stéttarsamband bænda fer með fyrirvar framleiðenda búvara við gerð samninga skv. a-lið 30. gr.

Ráðherra getur, að fengnu samþykki Stéttarsambands bænda, viðurkennt einstök landsamtök framleiðenda búvara til að fara með fyrirvar vegna framleiðenda í viðkomandi grein við gerð samninga skv. a-lið 30. gr. og aðrar ákvarðanir skv. lögum þessum.

Stéttarsamband bænda eða landsamtök skv. 2. mgr. skulu velja sér samninganefnd, sem fer með umboð þeirra til samningsgerðar. Samtökin skulu tilkynna landbúnaðarráðherra um nöfn formanns og varaformanns samninganefndar eigi síðar en 1. júní vegna samninga fyrir næstkomandi verðlagsár.

Framleiðandi búvöru, sem lög þessi taka til, á rétt til að vera félagsmaður í Stéttarsambandi bænda eða viðurkenndum samtökum búvöruframleiðenda skv. 2. mgr. þessarar greinar eftir nánari reglum í samþykktum Stéttarsambands bænda.

Samningar, sem Stéttarsamband bænda eða viðurkennd samtök skv. 2. mgr. gera skv. a-lið 30. gr., skulu vera bindandi fyrir framleiðendur viðkomandi búvara, hvort sem þeir eru félagar í Stéttarsambandi bænda, samtökum skv. 2. mgr. eða standa utan þessara félagssamtaka.

III. KAFLI

Um skipan og verkefni Framleiðsluráðs.

5. gr.

Framleiðsluráð landbúnaðarins er samstarfsvettvangur allra búvöruframleiðenda í landinu og samtaka þeirra.

Framleiðsluráð skal skipað fimmtán mönnum. Skulu tólf menn kjörnir af Stéttarsambandi bænda á fulltrúafundi þess. Af þeim skulu fimm vera fulltrúar búgreinasambanda. Þá skipar stjórn Stéttarsambands bænda tvo menn í Framleiðsluráð, einn samkvæmt tilnefningu félagsráðs Osta- og smjöröslunnar, og einn samkvæmt tilnefningu allra sláturleyfishafa í landinu. Skulu þessir tveir fulltrúar tilnefndir úr hópi starfandi búvöruframleiðenda. Þá tilnefnir landbúnaðarráðherra einn mann í Framleiðsluráð. Velja skal jafnmarga varamenn í Framleiðsluráð með sama hætti.

Framleiðsluráð skal skipað til tveggja ára í senn. Framleiðsluráð kýs sér formann og varaformann til sama tíma.

Pegar rætt er um málefni, er varða aðrar búgreinar en fulltrúa eiga í Framleiðsluráði, ber að gefa fulltrúum félaga þeirra, einum frá hverju, kost á að sitja fund Framleiðsluráðs með málfrelsi og tillögurétti.

Framleiðsluráð kýs úr sínum hópi fimm menn í framkvæmdanefnd og jafnmarga til vara. Verkefni nefndarinnar er að taka ákvörðun um og afgreiða mál, sem ekki þykir fært að fresta til fundar Framleiðsluráðs. Jafnframt getur Framleiðsluráð falið framkvæmdanefnd framkvæmd einstakra mála.

Framleiðsluráð ræður sér framkvæmdastjóra og annað starfslið eftir því sem þörf krefur.

6. gr.

Verkefni Framleiðsluráðs landbúnaðarins eru, auk þess sem mælt er fyrir í lögum þessum, eftirfarandi:

1. Að stuðla að því að framleiðsla og vinnsla búvara verði í samræmi við ákvæði 1. gr.
2. Að annast stjórn búvöruframleiðslunnar eftir því sem nánar er mælt fyrir í lögum þessum og fyrirmælum, sem sett eru á grundvelli þeirra.
3. Að annast verðskráningu búvara og auglýsa verð á þeim.
4. Að gera áætlanir um framleiðslu og sölu búvara.
5. Að vera umsagnaraðili um skipulag vinnslu búvara og hafa eftirlit með því að starfsemi afurðastöðva sé sem hagkvæmust.
6. Að halda skýrslur um framleiðslu og sölu búvara, og að gefa út ársrit um þróun og hag landbúnaðarins.
7. Að annast kynningar- og fræðslustarf um landbúnaðinn og framleiðsluvörur hans.
8. Að rækja önnur verkefni, sem landbúnaðarráðherra kann að fela því.

IV. KAFLI

Um verðskráningu á búvörum.

7. gr.

Verðlagsnefnd búvara, skipuð sex mönnum, tilnefndum af samtökum framleiðenda og neytenda, skal ákveða afurðaverð til búvöruframleiðenda. Af hálfu framleiðenda hefur stjórn Stéttarsambands bænda rétt til þess að tilnefna þrjá fulltrúa í nefndina, en af hálfu neytenda hefur stjórn Alþýðusambands Íslands rétt til að tilnefna tvo fulltrúa, og stjórn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja einn fulltrúa í nefndina. Tilnefningu fulltrúa í verðlagsnefnd skal lokið 15. júní ár hvert. Nú notar einhver aðili ekki rétt sinn til tilnefningar og skal landbúnaðarráðherra þá tilnefna í stað þeirra samtaka framleiðenda, en félagsmálaráðherra á sama hátt í stað samtaka neytenda. Nefndin skal fullskipuð 1. júlí ár hvert.

Hagstofustjóri og forstöðumaður Búreikningastofu landbúnaðarins skulu vera verðlagsnefnd til aðstoðar.

8. gr.

Til ákvörðunar á verði búvöru til framleiðenda skal verðlagsnefnd semja um verðlagsgrundvöll, er sýni áætlaða vinnuþörf, fjármagnskostnað, rekstrargjöld, launakostnað og afurðir bús sem næst meðalbúi að stærð í nautgripa- og sauðfjárrækt, og er rekið við eðlilegar framleiðsluáðstæður. Verðlagsnefnd skal semja um sérstakan verðlagsgrundvöll fyrir hvora þessara búgreina, verði hún sammála um það, eða komi ósk þess efnis frá Stéttarsambandi bænda. Á sama hátt skal verðlagsnefnd semja um verðlagsgrundvöll og ákveða verð á afurðum annarra búgreina, enda komi fram um það óskir frá Stéttarsambandi bænda og viðurkenndum samtökum búvöruframleiðenda í viðkomandi grein, skv. 2. mgr. 4. gr.

Nú er sauðfé slátrað utan tímabilsins 1. september til 30. nóvember og geta Stéttarsamband bænda eða samtök framleiðenda þá óskað eftir því, að verðlagsnefnd ákveði sérstakt verð til framleiðenda sauðfjárafurða. Skal nefndin þá ákveða slíkt verð, er gildi fram til næstu reglulegrar verðlagningar.

Nú næst ekki meiri hluti í verðlagsnefnd varðandi ákvörðun verðlagsgrundvallar og skal þá vísa ágreiningnum til sáttasemjara ríkisins. Heimilt er þó að vísa ágreiningnum beint til yfirnefndar, enda séu allir nefndarmenn sammála um þá málsmeðferð. Skal sáttasemjari leitast við að finna málamiðlun í ágreiningsatriðum og leggja fram tillögur þeim til úrlausnar, er meiri hluti fæst fyrir í nefndinni. Heimilt er sáttasemjara að leita álits þeirra aðila, er annast tilnefningu í verðlagsnefnd, um ágreiningsatriði varðandi ákvörðun verðlagsgrund-

vallar eða verðlagningu búvara. Beri sáttaumleitani ekki árangur innan tíu daga, skal skipa þriggja manna nefnd, er felli fullnaðarúrskurð. Hvor nefndarhluti verðlagsnefndar hefur rétt til þess að tilnefna mann í þá nefnd, þó ekki úr hópi nefndarmanna, en oddamaður skal tilnefndur af Hæstarétti. Nú notar annar eða báðir nefndarhlutar ekki rétt sinn til tilnefningar og tilnefnir þá landbúnaðarráðherra af hálfu framleiðenda, ef þeir nota ekki rétt sinn, en félagsmálaráðherra af hálfu neytenda. Þó er ráðherrum eigi heimilt að tilnefna menn, sem eiga sæti í verðlagsnefnd.

Nú dregst verðlagning vegna starfa sáttasemjara og yfirnefndar, svo að hún getur eigi tekið gildi á réttum degi, og gildir þá framreikningur Hagstofunnar skv. 10. gr. þar til samkomulag næst eða úrskurður fellur.

9. gr.

Verð búvöru til framleiðenda skal miðast við það, að tekjur þeirra er landbúnað stunda, verði í sem nánustu samræmi við tekjur annarra stétta. Í verðlagsgrundvelli skal, sbr. ákvæði 8. gr., tilfæra ársvinnu á búi af stærð, sem miðað er við hverju sinni, og virða vinnutíma til samræmis við kjör þeirra, sem vinna sambærileg störf og hafa svipaða menntun, sérhæfni og ábyrgð í starfi á almennum vinnumarkaði. Samhliða skulu ákveðnar reglur um, hvernig haga skuli breytingum á launum við búvöruframleiðslu skv. 12. gr.

10. gr.

Verðlagsgrundvöllur til ákvörðunar búvöruverðs til framleiðenda skv. 8. gr. gildir fyrir tvö ár í senn frá byrjun verðlagstímabils 1. september, og skal hann vera tilbúinn fyrir þann tíma ár hvert, nema annað sé ákveðið með samkomulagi í verðlagsnefnd. Þó skal taka inn verðlagsbreytingar vegna fjármagns- og reksturskostnaðar svo og launabreytingar skv. ákvæðum 12. gr. Verðlagsgrundvöllur hvers tímabils framlengist sjálfkrafa um tvö ár í senn, ef honum er ekki sagt upp af fulltrúum samningsaðila fyrir 1. júní á því ári, sem óskað er breytinga á honum. Þó getur nefndin komið sér saman um annan frest. Þegar verðlagsgrundvelli hefur ekki verið sagt upp, færir Hagstofa Íslands hann fram til viðkomandi verðlagsárs í samræmi við áorðnar breytingar á verðlagi og kaupgjaldi eftir reglum, sem ákveðnar hafa verið af verðlagsnefnd.

11. gr.

Hagstofa Íslands skal fyrir 15. júlí ár hvert afla fullnægjandi gagna handa verðlagsnefnd um framleiðslukostnað búvara og afurðamagn, svo og tekjur annarra stétta á undangengnu ári, sbr. ákvæði 9. gr.

Búreikningastofa landbúnaðarins skal afla árlega rekstursreikninga frá bændum, nægilega margra að dómi Hagstofu Íslands, er sýni raunverulegan framleiðslukostnað hinna ýmsu búvara. Skulu þeir vera tilbúnir og uppgerðir fyrir 15. júní ár hvert fyrir næsta ár á undan. Reikningar þessir skulu vera til afnota fyrir Hagstofu Íslands og verðlagsnefnd. Stjórn Búreikningastofu landbúnaðarins, ásamt Hagstofu Íslands, skipuleggur þetta starf hennar í samráði við verðlagsnefnd.

Verðlagsnefnd getur ákveðið að efna til sérstakra rannsókna í því skyni að fá betri upplýsingar um þau atriði, er máli skipta fyrir verðlagningu búvara. Skylt er að stofna til slíkra rannsókna, ef þrír nefndarmenn eða fleiri krefjast þess. Skal nefndin í því efni leita samstarfs við Hagstofu Íslands, Búreikningastofu landbúnaðarins og aðrar opinberar stofnanir, svo og Framleiðsluráð landbúnaðarins, að því leyti sem rannsóknir þessar snerta starfssvið viðkomandi stofnana. Telji umræddar stofnanir sig ekki geta látið í té starfslíð til þess að framkvæma þær rannsóknir, er verðlagsnefnd hefur ákveðið að fram skuli fara, er nefndinni heimilt að ráða til þess nauðsynlegt starfslíð, enda komi samþykki landbúnaðarráðherra til.

Skylt er einstaklingum, fyrirtækjum og stofnunum að láta þeim, er rannsóknir framkvæma, í té nauðsynlegar upplýsingar.

12. gr.

Verðlagsnefnd gerir ársfjórðungslega, 1. desember, 1. mars og 1. júní, breytingar á verðlagsgrundvelli og afurðaverði til framleiðenda, þegar breytingar verða á fjármagns- og rekstrarkostnaði við búvöruframleiðslu, skv. upplýsingum, sem Hagstofa Íslands aflar, og launum í samræmi við reglur lokaákvæðis 9. gr.

13. gr.

Heildsöluverð búvara skal ákveðið af nefnd fimm manna, er í eiga sæti undir forsæti verðlagsstjóra eða fulltrúa hans, tveir fulltrúar neytenda og tveir fulltrúar afurðastöðva fyrir búvörur. Fulltrúar neytenda skulu tilnefndir af sömu aðilum og tilnefna fulltrúa neytenda í Verðlagsráð. Samtök afurðastöðva skulu tilnefna tvo fulltrúa í nefndina. Fulltrúar afurðastöðva skulu tilnefndir af samtökum þeirra, þannig að þegar fjallað er um heildsöluverð og verðmiðlunargjöld, taki sæti í nefndinni fulltrúar frá þeirri vinnslugrein, sem um er rætt hverju sinni.

Tilnefningu fulltrúa í fimmmannanefnd skal vera lokið fyrir 15. júní ár hvert. Nú notar einhver aðili neytenda eða afurðastöðva ekki rétt sinn til tilnefningar, og skal landbúnaðar- ráðherra þá tilnefna í stað þeirra samtaka afurðastöðva, er ekki nota rétt sinn, en viðskiptaráðherra á sama hátt í stað neytenda. Nefndin skal fullskipuð 1. júlí ár hvert.

14. gr.

Fimmmannanefnd skal leitast við að ná samkomulagi um heildsöluverð búvara, þar sem gengið er út frá því afurðaverði til framleiðenda, sem ákveðið hefur verið skv. 7.—12. gr. og rökstuddum upplýsingum um kostnað við vinnslu og dreifingu búvara. Nefndin gerir jafnframt tillögu til ráðherra um verðmiðlunargjöld í samráði við Framleiðsluráð landbúnaðarins. Nefndin getur ákveðið að efna til sérstakra rannsókna í því skyni að fá betri upplýsingar um þau atriði, er máli skipta fyrir ákvörðun heildsöluverðs á búvörum, með hliðstæðum hætti og til er tekinn í 11. gr.

Skal það samkomulag um heildsöluverð, sem stutt er meiri hluta fimmmannanefndar, gilda sem heildsöluverð á viðkomandi búvöru frá byrjun viðkomandi verðlagsárs.

15. gr.

Heimilt er fimmmannanefnd að breyta heildsöluverði á búvörum, þegar breytingar verða á afurðaverði til búvöruframleiðenda, sbr. 12. gr., svo og rekstrarkostnaði og vinnulaunum við vinnslu búvara samkvæmt upplýsingum sem Hagstofa Íslands aflar.

16. gr.

Fimmmannanefnd getur að fenginni umsögn Framleiðsluráðs ákveðið að undanskilja einstakar vörutegundir verðlagningarákvæðum skv. 13.—15. gr., þegar samkeppni er að mati nefndarinnar næg til þess að tryggja æskilega verðmyndun og sanngjarnt verðlag. Fimmmannanefnd skal tilkynna verðlagsráði um ákvarðanir skv. þessari grein og geta fimmmannanefnd og Verðlagsstofnun skyldað hlutadeigandi aðila til að tilkynna um verðhækkanir viðkomandi búvara.

Sé verð búvara til framleiðenda ekki ákveðið skv. 8. gr., skal fara um verðlagningu þeirra, þ. m. t. í heildsölu, skv. lögum nr. 56 16. maí 1978 um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, með síðari breytingum.

17. gr.

Um ákvörðun smásöluverðs þeirra búvara sem verðlagðar eru í heildsölu skv. lögum þessum, skal fara eftir lögum nr. 56 16. maí 1978 um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, með síðari breytingum.

Ákvæði IV. til og með IX. kafla laga nr. 56 16. maí 1978 um verðlag, samkeppnis-hömlur og óréttmæta viðskiptahætti með síðari breytingum, skulu gilda um viðskipti með búvörur, að því leyti sem eigi er ákveðið í lögum þessum, reglugerðum eða öðrum fyrirmælum settum samkvæmt þeim. Áður en verðlagsráð og Verðlagsstofnun taka ákvarðanir skv. ákvæðum nefndra kafla laganna, skal leitað umsagnar Framleiðsluráðs landbúnaðarins og samtaka framleiðenda í viðkomandi búgrein skv. 47. gr. þeirra laga.

18. gr.

Enginn má kaupa eða selja búvöru innanlands á öðru verði en ákveðið hefur verið samkvæmt ákvæðum þessara laga.

Óheimilt er að bæta upp söluverð búvara á erlendum mörkuðum með því að hækka söluverð þeirra innanlands.

V. KAFLI

Um verðmiðlun.

19. gr.

Verðmiðlun á búvörum skal haga þannig, að afurðastöðvum sé gert kleift að greiða framleiðendum sama verð fyrir sams konar búvörur. Í því skyni skal innheimt verðmiðlunargjald af þeim búvörum, sem fimmmannefnd ákveður heildsöluverð á, og skal gjald þetta teljast til heildsölu- og dreifingarkostnaðar. Landbúnaðarráðherra ákveður upphæð gjaldsins hverju sinni, en gjaldið má þó aldrei vera hærra en 3% af heildsöluverði viðkomandi búvöru. Fimmmannefnd skal um leið og heildsöluverð er ákveðið, að höfðu samráði við Framleiðsluráð, gera tillögu til ráðherra um innheimtu verðmiðlunargjalda, sbr. 14. gr., og skiptingu tekna af þeim milli framleiðsluvara og afurðastöðva. Skylt er að leggja samkomulag eða ákvörðun skv. 48. og 51. gr. til grundvallar ákvörðun verðmiðlunargjalda skv. þessari grein.

Tekjum af verðmiðlunargjaldi skal m. a. varið þannig:

- a) til verðmiðlunar á milli afurðastöðva til þess að jafna flutningskostnað frá framleiðendum að afurðastöð í þeim tilgangi að auðvelda hagkvæman rekstur stöðvanna,
- b) til þess að koma á hentugri verkaskiptingu á milli afurðastöðva,
- c) til að jafna aðstöðu afurðastöðvanna til að koma framleiðsluvörum sínum á markað,
- d) til þess að greiða nauðsynlega flutninga á milli svæða, þar sem vöntun kann að vera á einstökum afurðum, sbr. 49. gr.

20. gr.

Framleiðendur mjólkur- og sauðfjárafurða skulu fá sama verð fyrir þann hluta framleiðslunnar, sem seldur er á erlendan markað, og er umfram verðábyrgð ríkisins skv. 36. gr., enda sé heildsöluverð viðkomandi búvöru ákveðið skv. 13.—15. gr.

Til verðmiðlunar í þessu skyni er heimilt að innheimta eftirtalin framleiðslugjöld:

- a) gjald af því framleiðslumagni, sem er umfram það, sem framleiðanda er ákveðið fullt verð fyrir skv. b-lið 30. gr.
- b) gjald af viðkomandi búvöru, sé heimildinni í b-lið 30. gr. um skiptingu framleiðslumagns ekki beitt.

Framleiðslugjöld skv. þessari grein skulu reiknuð af afurðaverði til framleiðenda. Skulu þau aldrei vera hærri en sem nemur grundvallarverði viðkomandi búvöru.

Landbúnaðarráðherra ákveður innheimtu framleiðslugjalda að fengnum tillögum Framleiðsluráðs landbúnaðarins.

21. gr.

Til verðmiðlunar vegna uppgjörs viðbótargreiðslu skv. 3. tl. 1. mgr. 29. gr. skal innheimt verðmiðlunargjald hjá heilðsöluaðilum, sem nema má allt að þeim hluta heilðsöluverðs sauðfjárafurða, er svarar til hækkunar afurðaverðs til framleiðenda við næst liðna ársfjórðungslega breytingu verðlagsgrundvallar skv. 12. gr.

Landbúnaðarráðherra ákveður upphæð verðmiðlunargjalds skv. þessari grein, að fengnum tillögum Framleiðsluráðs og sláturleyfishafa.

22. gr.

Prátt fyrir ákvæði 29. gr. getur landbúnaðarráðherra ákveðið, að fenginni tillögu Framleiðsluráðs landbúnaðarins og samtaka afurðastöðva í mjólkuriðnaði, að útborgunarverð til framleiðenda skuli vera mismunandi hátt eftir árstímum. Sé útborgunarverðið ákveðið lægra en grundvallarverð skv. 8. gr. skal mismunurinn innheimtur sem verðmiðlunargjald. Skal tekjum af gjaldinu varið til að greiða framleiðendum álag á grundvallarverð á öðrum árstíma. Gjald þetta skal ekki hafa áhrif á útsöluverð mjólkurvara til neytenda. Gjaldið má vera allt að 30% af grundvallarverði viðkomandi búvöru á hverjum tíma.

23. gr.

Verðmiðlunargjöld og framleiðslugjöld skv. kafla þessum mega annaðhvort vera tiltekin fjárhæð á hverja þyngdareiningu viðkomandi búvöru eða tiltekið hlutfall af því verði vörunnar, sem viðkomandi gjald er reiknað af. Þó mega gjöldin aldrei vera hærri en ákveðið er skv. 19.—22. og 25. gr.

24. gr.

Framleiðsluráð landbúnaðarins annast framkvæmd verðmiðlunar, þar með talið innheimtu, vörslu og reikningshald vegna verðmiðlunar og framleiðslugjalda skv. kafla þessum. Reikningum hvers verðmiðlunargjalds skal haldið sérgreindum. Kostnaður af starfi Framleiðsluráðs landbúnaðarins að þessum verkefnum skal greiddur af innheimtum verðmiðlunar- og framleiðslugjöldum, skv. kafla þessum, eftir reikningi sem ráðherra staðfestir.

Gögn um innheimtu og álagningu, svo og reikningar þeirra gjalda, sem innheimt eru skv. kafla þessum, skulu endurskoðuð af löggiltum endurskoðanda, er Framleiðsluráð landbúnaðarins tilnefnir, og endurskoðanda tilnefndum af landbúnaðarráðherra. Ársreikningar vegna þessara gjalda skulu birtir í Stjórnartíðindum.

Afurðastöðvar og heilðsöluaðilar, sem versla með gjaldskyldar búvörur, skulu standa Framleiðsluráði skil á verðmiðlunar- og framleiðslugjöldum svo og þeim gjöldum, sem á eru lögð skv. 25. gr. Selji framleiðandi búvörur sínar beint til neytanda, ber honum að standa skil á gjöldum þessum til Framleiðsluráðs.

25. gr.

Til að standa straum af kostnaði Framleiðsluráðs landbúnaðarins við framkvæmd laga þessara, umfram þann kostnað, sem það fær greiddan skv. öðrum ákvæðum þessara laga, er landbúnaðarráðherra heimilt að fenginni tillögu Framleiðsluráðs, að ákveða að innheimt skuli gjald af heilðsöluverði þeirra búvara, sem lög þessi taka til.

Gjald þetta má vera mishátt eftir einstökum tegundum búvara, en þó aldrei hærri en 0,25% af heilðsöluverði þeirra.

Framleiðsluráði er heimilt, að fengnu samþykki ráðherra, að láta hluta af gjaldi, sem innheimt er skv. þessari grein, renna til samtaka framleiðenda í viðkomandi búgrein, enda annist þau samtök sambærileg verkefni og Framleiðsluráði eru ætluð í lögum þessum vegna búgreinarinnar.

26. gr.

Framleiðsluráð landbúnaðarins annast öflun þeirra gagna, sem þörf er til framkvæmdar verðmiðlunar skv. kafla þessum, og lætur fimmannanefnd í té slíkar upplýsingar. Fimmannanefnd getur óskað eftir því að Framleiðsluráð afli tiltekinna gagna vegna þessa og leggi þau fyrir nefndina.

Aðilum, er annast vinnslu og sölu búvara, er skylt að veita Framleiðsluráði upplýsingar er að þessu lúta og þeir geta látið í té. Neiti aðili eða sinni því ekki að láta í té umbeðin gögn, er heimilt að fresta greiðslu verðmiðlunargjalda eða framleiðslugjalda skv. kafla þessum til viðkomandi, þar til fullnægjandi skil hafa verið gerð auk þess sem heimilt er að beita dagsektum, sbr. 59. gr.

27. gr.

Verðmiðlunargjöld, framleiðslugjöld og gjald til Framleiðsluráðs skv. kafla þessum má taka lögtaki.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um gjaldskyldu, innheimtu, gjalddaga, lögvernd, álagningu gjaldanna skv. áætlun og annað, sem lýtur að framkvæmd á innheimtu gjaldanna.

Þá setur ráðherra í reglugerð ákvæði um framkvæmd uppgjörs og greiðslu tekna af verðmiðlunar- og framleiðslugjöldum skv. kafla þessum til afurðastöðva og framleiðenda og um uppgjörstímabil.

VI. KAFLI

Um greiðslu afurðaverðs.

28. gr.

Afurðastöð er skylt að haga greiðslum til framleiðanda fyrir innlagðar búvörur í samræmi við ákvæði þessara laga og þeirra samninga og ákvarðana, sem teknar eru með heimild í þeim.

29. gr.

Nú er ákveðið það magn búvöru, sem hverjum framleiðanda er tryggt fullt verð fyrir skv. heimild í 30. gr. og verð hennar til framleiðenda er ákveðið skv. 8. gr., og er þá afurðastöð skylt að greiða framleiðanda fullt verð skv. gildandi verðlagsgrundvelli á innleggsdegi, sbr. þó 22. gr., fyrir búvörur, aðrar en þær sauðfjárafurðir sem lagðar eru inn í haustsláturtíð, 1. sept. til 30. nóv. Ber að inna greiðslu af hendi eigi síðar en 10. dag næsta mánaðar eftir innleggsmánuð. Fyrir sauðfjárafurðir lagðar inn í haustsláturtíð ber að greiða með eftirgreindum hætti:

1. Frumgreiðsla í síðasta lagi 31. okt. eftir reglum er Framleiðsluráð setur.
2. Fullnægjandi greiðsla haustgrundvallarverðs (verð ákveðið 1. september) eigi síðar en 15. desember.
3. Viðbótargreiðslur vegna hækkana, sem verða kunna við ársfjórðungslegar breytingar verðlagsgrundvallar í hlutfalli við óseldar birgðir í landinu 1. desember, 1. mars og 1. júní, er inntar séu af hendi eigi síðar en 15. mars, 15. júní og 15. september. Ráðherra setur í reglugerð, að fengnum tillögum Framleiðsluráðs og sláturleyfishafa, nánari reglur um framkvæmd viðbótargreiðslna og jöfnun á milli afurðastöðva vegna mismunandi söluhlutfalls við hvert ársfjórðungsuppgjör.

Heimilt er einstökum framleiðendum að semja um annan hátt á greiðslum en að ofan greinir.

Greiðslur skv. þessari grein skulu miðaðar við framleiðsluheimild hvers framleiðanda skv. 30. gr.

VII. KAFLI

Um stjórn búvöruframleiðslunnar.

30. gr.

Til þess að hafa stjórn á framleiðslu búvara þannig að hún verði í samræmi við tilgang laga þessara, er landbúnaðarráðherra heimilt að gera eftirtaldar ráðstafanir:

- a) Að semja fyrir hönd ríkisstjórnarinnar við Stéttarsamband bænda um magn mjólkur- og sauðfjárafurða, sem framleiðendum verður ábyrgt fullt verð fyrir á samningstímanum skv. 8. gr. Samningarnir skulu gerðir fyrir 1. ágúst ár hvert og gilda næsta verðlagsár. Heimilt er að semja til lengri tíma í einu og að binda samninga við einstakar búvöru.

Ríkissjóður leggur fram fjármagn til að greiða framleiðendum mismun á fullu verði skv. ofangreindum samningum og þess verðs, sem fæst fyrir búvörunar við sölu á innlendum og erlendum mörkuðum í samræmi við ákvæði 36. gr. á meðan ákvæði þeirrar greinar halda gildi sínu, en síðan í samræmi við samninga hverju sinni.

- b) Að ákveða að framleiðendur búvara skuli fá fullt grundvallarverð skv. 8. gr. fyrir ákveðinn hluta framleiðslunnar, en skert verð fyrir það sem umfram er, og er heimilt að innheimta sérstakt framleiðslugjald, sbr. 20. gr., til verðjöfnunar í þessu skyni. Á sama hátt má ákveða, hvernig verðábyrgð ríkissjóðs skv. 36. gr. skuli skipt milli framleiðenda.

- c) Að ákveða skiptingu framleiðslu einstakra búvara, þ. m. t. þeirra sem um er samið skv. a-lið eða ákveðin skv. b-lið, eftir héruðum. Skal sú skipting miðuð við félagssvæði búnaðarsambandanna, en ráðherra er þó heimilt að ákveða aðra svæðaskiptingu, að fengnu samþykki Framleiðsluráðs landbúnaðarins og viðkomandi búnaðarsambanda.

Heimilt er að skipta framleiðslu innan hvers svæðis eftir reglum, sem settar eru samkvæmt b-lið, eða fela stjórn viðkomandi búnaðarsambands eða samtaka framleiðenda, sem viðurkennd eru skv. 2. mgr. 4. gr., að skipta framleiðslunni milli einstakra framleiðenda skv. reglugerð er ráðherra setur.

- d) Að innheimta eftirtalin fóðurgjöld af innfluttu fóðri og hráefnum í það:

1. Grunn gjald, sem má nema allt að 50% af tollverði hinnar innfluttu vöru.

2. Sérstakt fóðurgjald, sem má nema allt að 150% af tollverði hinnar innfluttu vöru.

Fóðurgjöld skv. þessari grein mega vera tiltekin fjárhæð á hverja þyngdareiningu fóðurs eða tiltekið hlutfall af tollverði þess. Heimilt er að ákveða fóðurgjöldin mishá eftir fóðurtegundum.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um gjaldskyldu og er þar heimilt að undanskilja einstakar tegundir fóðurs gjaldskyldu, þ. m. t. fóður sem nýtt er til fóðrunar gæludýra og loðdýra. Heimilt er að endurgreiða framleiðendum búvara hið sérstaka fóðurgjald eða hluta þess og skal miða endurgreiðslur við framleiðslumagn, sem ákveðið er eftir þörf markaðarins fyrir viðkomandi búvöru, eða ákveðið skv. b- og c-lið þessarar greinar. Heimilt er að fela Framleiðsluráði landbúnaðarins að annast endurgreiðslur skv. þessari grein í samræmi við ákvæði reglugerðar þar um og skal ríkisendurskoðun þá endurskoða reikninga yfir endurgreiðsluféð. Kostnaður við framkvæmd endurgreiðslna skal greiddur af tekjum af hinu sérstaka fóðurgjaldi.

Hið sérstaka fóðurgjald, sem kemur til endurgreiðslu, skv. þessari grein, skal ekki leiða til hækkunar á búvöruverði.

Ráðherra getur í reglugerð ákveðið að innflytjendur fóðurs skuli fá tiltekinn gjaldfrest á þeim hluta hins sérstaka fóðurgjalds, sem kann að koma til endurgreiðslu, enda sé sett fullnægjandi trygging fyrir gjaldinu.

Heimilt er að beita ofangreindum heimildum samtímis.

31. gr.

Ráðherra skipar nefnd fimm manna til þess að úrskurða um rétt einstakra framleiðenda samkvæmt ákvæðum b- og c-liðar 30. gr. og reglugerða, sem settar eru um framkvæmd þeirra. Nefndin skal skipuð til tveggja ára í senn og skulu þrír fulltrúar tilnefndir af Stéttarsambandi bænda, einn fulltrúi tilnefndur af Búnaðarfélagi Íslands og formaður, sem ráðherra skipar án tilnefningar. Ákvarðanir nefndarinnar eru bindandi, en viðkomandi framleiðandi eða Framleiðsluráð landbúnaðarins geta þó skotið málinu til úrskurðar ráðherra innan 30 daga frá því að nefndin kvað upp úrskurð sinn.

Í reglugerð skulu sett nánari ákvæði um starf nefndarinnar.

32. gr.

Sé ákveðið að lækka fóðurgjöld, sem lögð hafa verið á samkvæmt heimild í d-lið 30. gr., eða fella þau niður, skal endurgreiða hlutfallslega það sem innheimt kann að hafa verið af birgðum, sem til eru þegar lækkun eða niðurfelling er ákveðin. Á sama hátt skal taka gjald af birgðum sömu aðila í upphafi gjaldtímabils.

33. gr.

Tollstjórar annast innheimtu fóðurgjalda við innflutning og skulu gera reikningsskil fyrir gjöldunum til ríkissjóðs eftir því sem fjármálaráðuneytið og reglur um opinber reikningsskil mæla fyrir.

Að því leyti sem eigi er ákveðið í lögum þessum eða reglugerð, eða öðrum fyrirmælum settum samkvæmt lögum þessum, um ákvörðun tollverðs, vöruflokkun, gjalddaga, innheimtu, lögvernd gjaldsins, refsingar og aðra framkvæmd varðandi fóðurgjöld, skulu gilda eftir því sem við geta átt ákvæði laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl., laga nr. 59/1969 um tollheimtu og tolleftirlit og laga nr. 47/1960 um tollvörugæmslur o. fl., með síðari breytingum.

34. gr.

Tekjur af grunngjaldi skv. 1. tl. d-liðar 30. gr. renna í ríkissjóð.

Tekjur af hinu sérstaka fóðurgjaldi, að frádregnum þeim hluta sem varið er til endurgreiðslna skv. d-lið 30. gr., skulu renna til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins. Framleiðnisjóður landbúnaðarins skal ráðstafa tekjum af gjaldinu, að fenginni staðfestingu landbúnaðarráðherra, sem lánnum eða framlögum til eflingar nýrra viðfangsefna í landbúnaði og til stuðnings við búgreinar og breytingar búskaparháttá á lögbýlum. Tekjum af hinu sérstaka fóðurgjaldi skal haldið sérgreindum í reikningum Framleiðnisjóðs og skal ríkisendurskoðun endurskoða þann hluta reikninga sjóðsins, auk lögboðinna endurskoðenda hans.

35. gr.

Ákvarðanir um beitingu heimilda, sem felast í ákvæðum þessa kafla, skulu teknar með reglugerð. Skal réttur framleiðenda þar ákveðinn með tilliti til framleiðslu þeirra á búvöru á tilteknu tímabili. Þá er heimilt í reglugerð að ákveða, að réttur framleiðenda skuli vera mismunandi eftir bústærðum, búrekstraráðstöðu, fjármagnskostnaði vegna framkvæmda á ábýlisjörð, búskapartíma vegna frumbýlinga og ættliðaskipta á jörðum og þegar framleiðsla er dregin saman eða búskap hætt.

Áður en reglugerðir um beitingu ákvæða þessa kafla eru gefnar út, skal leitað tillagna Framleiðsluráðs landbúnaðarins, Stéttarsambands bænda og samtaka framleiðenda í viðkomandi búgrein.

VIII. KAFLI

Um aðlögun búvöruframleiðslunnar.

36. gr.

Á árunum 1986—1990 skal dregið úr greiðslum til að bæta þann halla, sem bændur verða fyrir af útflutningi búvara, með hliðsjón af samningum bænda og ríkisstjórnarinnar um framleiðslumagn mjólkur- og sauðfjárafurða.

Greiðsla útflutningsbóta skal að hámarki nema eftirfarandi hlutföllum af heildarverðmæti búvöruframleiðslunnar:

1986 . . .	7%
1987 . . .	6%
1988 . . .	5%
1989 . . .	5%
1990 . . .	4%

Þó skal jafnan tryggt, að staðið verði af hálfu ríkissjóðs við samning skv. a-lið 30. gr.

Heildarverðmæti búvöruframleiðslunnar skal miðað við afurðir nautgripa, sauðfjár, hrossa, svína og alifugla, svo og garðávexti, gróðurhúsaframleiðslu og afurðir hlunninda á því verði, sem framleiðendur fá greitt fyrir þessar búvörur. Hinar árlegu greiðslur skulu miðaðar við heildarverðmæti búvöruframleiðslu þess verðlagsárs er lýkur á hverju hinna tilgreindu ára.

Hagstofa Íslands reiknar út heildarverðmæti búvöruframleiðslunnar skv. ofanskráðu.

37. gr.

Ríkissjóður skal leggja fram fjármagn til þess að mæta áhrifum samdráttar í framleiðslu mjólkur- og sauðfjárafurða. Fjármagni þessu skal varið til eflingar nýrra búgreina, markaðsöflunar og til fjárhagslegrar endurskipulagningar búreksturs á lögbýlum. Fjármagnið skal renna í Framleiðnisjóð landbúnaðarins, sem úthlutar því samkvæmt ákvæðum reglugerðar, er landbúnaðarráðherra setur.

Fjármagn til verkefna skv. 1. mgr. skal nema eftirfarandi hlutföllum af heildarverðmæti búvöruframleiðslunnar, sem ákveðið er á sama hátt og í 36. gr.:

1986 ..	2%
1987 ..	3%
1988 ..	4%
1989 ..	4%
1990 ..	5%

38. gr.

Ákvæði 36. og 37. gr. skulu tekin til endurskoðunar að liðnum fjórum árum frá gildistöku þessara laga með tilliti til aðstæðna í markaðsmálum og uppbyggingu nýrra búgreina.

IX. KAFLI

Um vinnslu og sölu búvara.

39. gr.

Framleiðsluráð landbúnaðarins skal stuðla að fjölbreyttu framboði búvara á hverjum tíma, svo og framförum og aukinni hagkvæmni búvöruframleiðslunnar, þannig að hún verði í samræmi við þarfir markaðarins.

40. gr.

Byggingu og staðsetningu afurðastöðva skal haga á þann hátt sem hagkvæmastur er fyrir heildarskipulag viðkomandi búgreinar.

Áður en opinber lánastofnun tekur ákvörðun um veitingu lána til að reisa eða endurbyggja afurðastöð fyrir búvörur, skal stofnunin leita umsagnar Framleiðsluráðs landbúnaðarins um hina fyrirhuguðu framkvæmd.

41. gr.

Áður en ákvarðanir eru teknar um inn- og útflutning landbúnaðarvara skulu aðilar, sem með þau mál fara, leita álits og tillagna Framleiðsluráðs landbúnaðarins.

Innflutningur landbúnaðarvara skal því aðeins leyfður, að Framleiðsluráð staðfesti að innlend framleiðsla fullnægi ekki neyslupörfinni.

42. gr.

Landbúnaðarráðherra veitir leyfi til að flytja til landsins kartöflur, nýtt grænmeti og blóm. Ráðherra getur, að fengnum meðmælum þeirrar nefndar, sem starfar skv. 3. mgr., ákveðið að innflutningur tiltekinn vara, sem greinin tekur til, skuli tímabundið vera undanþeginn leyfisveitingu. Innflutningur þeirra vara, sem greinin tekur til, skal því aðeins leyfður að innlend framleiðsla fullnægi ekki eftirspurn.

Ákvæði þessarar greinar tekur þó ekki til skipa og flugvéla, sem koma í landhelgi og hafa innanborðs þær vörur sem um getur í 1. mgr., ef birgðirnar eru, að álitni hlutaðeigandi tollyfirvalda, eigi meiri en svo, að hæfilegur forði sé handa áhöfn og farþegum.

Áður en leyfi til innflutnings skv. 1. mgr. eru veitt, skal ráðherra leita álits nefndar, sem skipuð er tveimur fulltrúum framleiðenda tilnefndum af samtökum þeirra, og tveimur fulltrúum innflytjenda þessarar vörutegunda, sem viðskiptaráðherra tilnefnir, og oddamanni tilnefndum af landbúnaðarráðherra. Skal nefndin láta ráðherra í té rökstutt álit um, hvort innflutnings sé þörf og hve mikils.

Ákvæði 41. gr. taka ekki til innflutnings á þeim vörum, sem grein þessi tekur til.

43. gr.

Landbúnaðarráðherra getur með reglugerð ákveðið að mjólk og mjólkurvörur, egg, kartöflur, garðávextir og grænmeti, sem selja á innanlands eða flytja skal á erlendan markað, skuli metið, flokkað og merkt eftir tegundum, gæðum og uppruna, enda fullnægi varan reglum um heilbrigði og hollustuhætti, sem settar eru á grundvelli laga nr. 50 29. maí 1981 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og laga nr. 24 1. febrúar 1936 um eftirlit með matvælum og öðrum neyslu- og nauðsynjavörum.

Til að standa straum af kostnaði við mat skv. þessari grein er ráðherra heimilt að láta innheimta sérstakt matsgjald af þeirri vöru, sem matið tekur til, og má gjaldið vera tiltekin krónutala á hverja þyngdareiningu eða hlutfall af verði vörunnar til framleiðanda. Matsgjaldið má þó aldrei vera hærra en sem nemur 1,5% af verði vörunnar til framleiðanda. Framleiðandi þeirrar vöru, sem tekin er til mats, er ábyrgur fyrir greiðslu matsgjalds. Gjald þetta má taka lögtaki. Heimilt er að ákveða að það skuli innheimt með búnaðarmálasjóðsgjaldi skv. lögum nr. 40 7. maí 1982.

Landbúnaðarráðherra ákveður yfirstjórn mats þeirra búvara, sem ákveðið er að taka til mats skv. þessari grein.

Um löggildingu matsmanna fer eftir ákvæðum í reglugerð og er þar heimilt að ákveða að afurðastöð og söluaðilar skuli á sinn kostnað hafa í þjónustu sinni matsmenn til að framkvæma mat skv. þessari grein. Þá eina má skipa eða löggilda sem matsmenn, sem hafa góða þekkingu á viðkomandi búvöru og reynslu í öllu, er varðar meðferð varanna og mat á þeim.

Í reglugerð skulu sett ákvæði um matsreglur, gæðaflokkun, framkvæmd mats, yfirmat og annað sem lýtur að matinu.

Afurðastöðvum og öðrum, sem annast sölumæðferð þeirra búvara sem mat skv. þessari grein tekur til, er skylt að sjá matsmönnum fyrir aðstöðu til að framkvæma matið skv. nánari reglum, sem settar skulu í reglugerð.

Við verðlagningu búvara skal verð þeirra ákveðið mismunandi eftir tegunda- og gæðaflokkum, sem ákveðnir eru samkvæmt þessari grein, l. nr. 30 28. apríl 1966 um mæðferð, skoðun og mat á sláturafurðum, l. nr. 22 10. maí 1976 um flokkun og mat á gærum, og öðrum lögum og reglum um sama efni.

44. gr.

Þeir sem versla með búvörur skulu fullnægja skilyrðum laga og annarra ákvarðana yfirvalda um slíka starfsemi og hafa fullnægjandi aðstöðu til mæðferðar, flutnings og geymslu þeirrar vöru, sem þeir taka til sölumæðferðar samkvæmt reglum heilbrigðisyfirvalda.

Nú selur framleiðandi eigin búvöruframleiðslu til smásöluverslunar eða neytenda og er honum þá skylt að fullnægja ákvæðum laga og annarra ákvarðana yfirvalda um flokkun, mat, flutning, geymslu og annað sem lýtur að mæðferð vörunnar.

Skylt er seljanda og kaupanda að veita Framleiðsluráði landbúnaðarins allar umbeðnar upplýsingar um sölu, þ. á m. um uppruna vörunnar, svo að ganga megi úr skugga um að ofangreind skilyrði hafi verið uppfyllt.

45. gr.

Landbúnaðarráðherra er heimilt með reglugerð, að fenginni tillögu Framleiðsluráðs landbúnaðarins og samtaka afurðastöðva mjólkuriðnaðarins, að skipta landinu í mjólkursölusvæði eftir því sem best hentar framleiðslu- og markaðsaðstæðum.

Þegar ákveðin hefur verið skipting landsins í sölusvæði, er afurðastöðvum á sölusvæðinu skylt að taka við mjólk frá framleiðendum innan sölusvæðisins, enda fullnægi varan reglum um heilbrigði og gæði og sé innan marka heimilaðs framleiðslumagns, sbr. 30. gr.

46. gr.

Nú kemur upp deila á milli framleiðenda og afurðastöðvar innan sölusvæðis um móttöku mjólkur eða önnur atriði varðandi samskipti þessara aðila, og er þá aðilum heimilt að leggja ágreining til úrskurðar þriggja manna nefndar. Skal einn nefndarmaður tilnefndur af Framleiðsluráði, annar tilnefndur af samtökum afurðastöðva í mjólkuriðnaði, og oddamaður tilnefndur af landbúnaðarráðherra.

47. gr.

Nú hefur landbúnaðarráðherra ákveðið skiptingu landsins í sölusvæði fyrir mjólk, sbr. 45. gr., og skulu þá framleiðendur mjólkur á hverju mjólkursölusvæði kjósa sér stjórn, er hefur á hendi umsjón mjólkurmálanna á því svæði.

Þar sem starfandi eru fleiri en eitt mjólkurbú á sama mjólkursölusvæði, sem hafa á hendi daglega sölu á mjólk og mjólkurvörum, skulu þau hafa sameiginlega yfirstjórn er nefnist samsölustjórn. Þau kjósa á aðalfundi mjólkurbúanna fulltrúa á sameiginlegan fulltrúafund fyrir mjólkursölusvæðið, sem svo kýs stjórn samsölnnar á því svæði.

48. gr.

Framleiðsluráð landbúnaðarins og samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði skulu gera samkomulag um verkaskiptingu á milli mjólkursamlaga, að því er varðar framleiðslu einstakra mjólkurvara með tilliti til heildarafkomu framleiðslugreinarinnar og hagsmuna mjólkurframleiðenda og neytenda. Heimilt er að gera slíkt samkomulag til tiltekins tíma, og

skal aðilum heimilt að óska endurskoðunar á því vegna breyttra aðstæðna, eftir því sem nánar er tekið til í samkomulaginu. Samkomulagið öðlast ekki gildi fyrr en landbúnaðarráðherra hefur staðfest það.

Nú næst ekki slíkt samkomulag, sem um ræðir í 1. mgr. eða ráðherra neitar að staðfesta það, og skal ráðherra þá úrskurða framangreinda verkaskiptingu. Úrskurður þessi skal vera tímabundinn og má gilda í allt að tvö ár. Aðilum er á þessu tímabili frjálst að gera með sér samkomulag skv. 1. mgr. er komi í stað úrskurðar ráðherra.

49. gr.

Par sem eitt mjólkurbú er starfandi eða samsölustjórn samkvæmt ákvæðum 47. gr. innan sölusvæðis, sem ákveðið er skv. 45. gr., skal það eða hún annast alla heildsöludreifingu á nýmjólk, rjóma, súrmjólk og skyri. Heildsöluaðilinn skal sjá um að ætíð sé nóg af þessum vörum á sölusvæði hans, sé þess nokkur kostur.

50. gr.

Mjólkursamlögum og verslunum, er selja mjólk og mjólkurvörur, ber að hlíta opinberum verðákvörðunum og má aldrei grípa til sölustöðvunar á mjólk og skyldum vörum þótt ósamkomulag kunni að koma upp út af verðlagningu þessara vara.

51. gr.

Framleiðsluráð landbúnaðarins og sláturleyfishafar skulu gera samkomulag um verkaskiptingu á milli sláturleyfishafa vegna slátrunar og verkunar sauðfjár- og stórgripaafurða til sölu á erlenda markaði með tilliti til mismunandi heimilda þeirra til slátrunar og verkunar á þessum búvörum til útflutnings og þess að sala hvers sláturleyfishafa á innlendum markaði miðist við hlutfall heimilaðrar framleiðslu skv. 30. gr. þeirra framleiðenda, sem eru í viðskiptum hjá sláturleyfishafa.

Heimilt er að gera slíkt samkomulag til tiltekins tíma, og skal aðilum heimilt að óska endurskoðunar á því vegna breyttra aðstæðna, eftir því sem nánar er tekið til í samkomulaginu. Samkomulagið öðlast ekki gildi fyrr en landbúnaðarráðherra hefur staðfest það.

Nú næst ekki slíkt samkomulag, sem um ræðir í 1. mgr. eða ráðherra neitar að staðfesta það, skal ráðherra þá úrskurða framangreinda verkaskiptingu. Úrskurður þessi skal vera tímabundinn og má gilda í allt að tvö ár. Aðilum er á þessu tímabili frjálst að gera með sér samkomulag skv. 1. mgr. er komi í stað úrskurðar ráðherra. Í slíkum úrskurði er heimilt að kveða á um magn og verkun þessara búvara og skiptingu þeirra til sölu innan lands og utan.

Brjóti sláturleyfishafi gegn samkomulagi eða úrskurði skv. þessari grein, er ráðherra heimilt að svipta viðkomandi sláturleyfi skv. lögum nr. 30 28. apríl 1966 um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum með síðari breytingum.

52. gr.

Rekstri Grænmetisverslunar landbúnaðarins skal hætt frá og með 1. júní 1986.

Landbúnaðarráðherra er þó heimilt að ákveða að breyting skv. 1. mgr. verði fyrr, enda hafi þá náðst samkomulag við aðila skv. 3. mgr. um yfirtöku á rekstri fyrirtækisins, sölu og leigu á eignum þess og að hið nýja fyrirtæki gefi fastráðnu starfsfólki Grænmetisverslunar landbúnaðarins kost á sambærilegum störfum. Skulu ákvæði 14. gr. laga nr. 38 14. apríl 1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins þá ekki ná til þeirra starfsmanna Grænmetisverslunar landbúnaðarins, sem njóta löggjara skv. þeim lögum.

Heimilt er landbúnaðarráðherra að selja samtökum framleiðenda kartaflna og grænmetis eða hlutafélagi í eigu þessara aðila eignir Grænmetisverslunar landbúnaðarins, aðrar en fasteignir. Þá er ráðherra heimilt að leigja sömu aðilum núverandi fasteignir Grænmetis-

verslunar landbúnaðarins til reksturs dreifingar- og sölufyrirtækis með kartöflur og grænmeti.

Tekjur, sem fást við sölu og leigu á eignum skv. 3. mgr., ásamt sjóðum Grænmetisverslunar landbúnaðarins við starfslok, skulu lagðar í sérstakan sjóð, sem hefur það verkefni að styrkja stofnræktun garðávaxta, rannsóknir og tilraunir með ræktun og meðferð garðávaxta og vöruþróun á þessu sviði. Sjóðurinn skal vera í vörslu Framleiðnisjóðs landbúnaðarins og annast stjórn hans úthlutun úr sjóðnum samkvæmt ákvæðum reglugerðar er landbúnaðarráðherra setur.

53. gr.

Þar sem afurðastöð búvara er í eigu aðila, sem hefur með höndum annan rekstur, er skylt að halda bókhaldi og fjárreiðum afurðastöðvarinnar aðgreindum frá öðrum rekstri viðkomandi aðila.

Þá getur fimmmannefnd ákveðið að afurðastöðvar skuli setja reikninga sína upp með samræmdum hætti.

X. KAFLI

Ýmis ákvæði.

54. gr.

Framleiðsluráð lætur safna og gefa út ár hvert skýrslu um framleiðslu búvara, vinnslu þeirra og sölu, markaði, markaðshorfur og afkomu landbúnaðarins á hverjum tíma.

Skylt er öllum þeim, er hafa með höndum vinnslu eða sölu búvara, að láta ráðinu í té allar upplýsingar, er því geta að gagni komið við störf þess og þeir geta veitt.

55. gr.

Kostnaður við framkvæmd IV. kafla þessara laga greiðist úr ríkissjóði. Ráðherra ákveður þóknun nefndarmanna í verðlagsnefnd og fimmmannefnd.

56. gr.

Slátrun alifugla skal fara fram í löggiltum sláturhúsum, sbr. lög nr. 30 28. apríl 1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum.

57. gr.

Skattstjórar skulu fyrir 1. júní ár hvert ókeypis og ótilkvaddir gefa Framleiðsluráði upp, í því formi sem það ákveður, afurðamagn og bústofn á hverju lögbýli og hjá öðrum framteljendum, sem hafa meiri hluta tekna sinna af landbúnaði. Einnig er þeim skylt að veita aðrar upplýsingar, sem nauðsynlegar eru í þessu sambandi.

Framleiðsluráð landbúnaðarins getur ákveðið að seljendur fóðurs skuli ársfjórðungslega senda ráðinu skrá yfir alla sölu. Tilgreina skal hverjir kaupendur eru, heildarmagn hvers kaupanda og einingaverð.

58. gr.

Landbúnaðarráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

59. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, skal farið sem opinber mál. Varða brot sektum nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum.

Ef aðili, sem samkvæmt lögum þessum er skylt að gefa Framleiðsluráði skýrslu eða upplýsingar, tregðast við að láta þær í té, má beita dagsektum frá 100—5000 kr., eftir því sem nánar er ákveðið í reglugerð.

60. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1985. Jafnframt falla þá úr gildi lög nr. 95 11. desember 1981, um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl., svo og önnur lagaákvæði, sem brjóta í bága við lög þessi.

Ákvæði til bráðabirgða.

A.

Frá gildistöku þessara laga og þar til starfsemi Grænmetisverslunar landbúnaðarins verður hætt skv. 52. gr., skal fyrirtækið annast verslun með kartöflur og annað grænmeti. Framleiðsluráð landbúnaðarins fer með yfirstjórn og rekstur fyrirtækisins og annast uppgjör á rekstri þess í samræmi við nánari fyrirmæli, sem landbúnaðarráðherra setur þar um.

B.

Við gildistöku þessara laga skulu reikningar vegna innheimtu á kjarnfóðurgjaldi skv. b-lið 2. gr. a laga nr. 95/1981, sbr. lög nr. 45/1985, gerðir upp. Skal því fé, sem þá kann að vera í sjóði eða óinnheimt, ráðstafað í samræmi við ákvæði laga nr. 95/1981.

C.

Prátt fyrir ákvæði 60. gr. skal sexmannanefnd ákveða verð landbúnaðarvara 1. júní 1985 í samræmi við ákvæði laga nr. 95/1981 og skulu þær ákvarðanir nefndarinnar og aðrar verðlagsákvæðanir, sem teknar hafa verið skv. lögum nr. 95/1981, gilda þar til hlutaðeigandi aðilar taka nýjar ákvarðanir þar um skv. lögum þessum. Sama gildir um innheimtu verðmiðlunargjalda skv. 40. gr. laga nr. 95/1981.

Tekjum af verðmiðlunargjöldum, sem innheimt eru eftir 1. júní 1985 og þar til landbúnaðarráðherra hefur ákveðið verðmiðlunargjöld skv. V. kafla þessara laga, skal ráðstafað í samræmi við ákvæði V. kafla þessara laga.

D.

Útflutningsbætur skv. 12. gr. laga nr. 95/1981 fyrir verðlagsárið 1984—1985 skulu miðast við heildarverðmæti landbúnaðarframleiðslunnar á tímabilinu 1. september 1984 til 31. ágúst 1985.

E.

Reglugerðir, auglýsingar og önnur fyrirmæli sett skv. ákvæðum 2. gr. a laga nr. 95/1981, sbr. l. nr. 45/1981 um búmark, skulu halda gildi sínu þar til þau hafa sérstaklega verið felld úr gildi eða reglugerð sett um beitingu ákvæða b- og/eða c-liðar 30. gr., sbr. 35. gr. þessara laga.

F.

Verðlagsnefnd búvara skal í samræmi við ákvæði IV. kafla laga þessara semja um verðlagsgrundvöll, er taki gildi 1. september 1985, þó að núgildandi verðlagsgrundvelli hafi eigi verið sagt upp í samræmi við 7. gr. laga nr. 95/1981.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið af starfshópi á vegum ríkisstjórnarflokkanna, sem skipaður var sumarið 1983. Í hópnum sátu eftirtaldir alþingismenn: Birgir Ísl. Gunnarsson, Davíð Aðalsteinsson, Egill Jónsson og Þórarinn Sigurjónsson. Birgir Ísl. Gunnarsson tók sæti Þorsteins Pálssonar og Þórarinn Sigurjónsson sæti Stefáns Valgeirssonar á fyrstu stigum starfsins. Bjarni Guðmundsson, aðstoðarmaður landbúnaðarráðherra, var formaður hópsins. Tryggvi Gunnarsson, lögfræðingur, var lögfræðilegur ráðunautur hópsins við samningu frumvarpsins.

Grundvöll að starfi hópsins er m. a. að finna í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar frá 26. maí 1983, en þar segir svo um stefnumörkun varðandi landbúnaðinn:

- „3.1. Unnið verði að aðlögun búvöruframleiðslunnar að markaðsmöguleikum og dregið úr þörf fyrir útflutningsbætur, þannig að þær fari lækkandi.
- 3.2. Lög um Framleiðsluráð landbúnaðarins verði endurskoðuð, meðal annars með tilliti til eftirfarandi atriða:
 - 1) Skipulagningar búvöruframleiðslunnar eftir héruðum eða framleiðslusvæðum, þar sem tekið er tillit til framleiðsluskilyrða, markaða, landgæða og hóflegrar landnýtingar.
 - 2) Breytinga á verðlagningarkerfinu.
 - 3) Meiri hagkvæmni í verslun með garðávexti.
- 3.3. Lögð verði áhersla á nýjungar í vinnslu og sölustarfsemi landbúnaðarafurða og hagræðingu til að draga úr vinnslu- og dreifingarkostnaði.
- 3.4. Nýjar búgreinar, svo sem loðýrarækt, fiskeldi o. fl. verði efldar, og stærri hluti fjárveitinga til landbúnaðar renni til þeirra.
- 3.5. Með þessum og öðrum nauðsynlegum ráðstöfunum verði unnið gegn byggðaröskun og hagur bændastéttarinnar tryggður.“

Stefnumörkun þessi var útfærð nánar í endurnýjuðum samstarfssamningi stjórnarflokka á september s. l. Í starfi sínu hefur hópurinn tekið mið af stefnumörkun þessari, svo og þeim breytingum, sem orðið hafa á síðari árum varðandi framleiðslu, vinnslu, dreifingu og sölu á landbúnaðarafurðum.

Starfshópurinn hefur átt fundi með fulltrúum Stéttarsambands bænda, fulltrúum sérbúgreinafélaga, svo og fulltrúum vinnslustöðva og sölusamtaka landbúnaðarins. Hópnum hafa borist ábendingar og formlegar tillögur ýmissa hagsmunaaðila varðandi skipulag framleiðslu, vinnslu og sölu búvara, auk þess sem hann hefur aflað gagna sérstaklega frá stofnunum landbúnaðarins.

Verðlags- og afurðasölumál landbúnaðarins voru að mestu óskipulögð allt fram á fjórða áratug þessarar aldar. Sú skipan ríkti, að hver framleiðandi sá um sölu og dreifingu á sinni vöru ýmist til kaupmanna eða neytenda. Lög um sölu landbúnaðarafurða, sem almennt hafa verið kölluð **afurðasölulögin**, voru sett sem bráðabirgðalög haustið 1934 og síðan samþykkt á Alþingi í desember sama ár. Það eru fyrstu lög um verðlagningu og sölu búvara, sem sett eru hér á landi.

Fyrstu lög um Framleiðsluráð landbúnaðarins voru samþykkt á Alþingi árið 1947. Nokkrum sinnum hafa verið gerðar breytingar á þeim, en þó hafa þau í meginatriðum staðið óbreytt frá þeim tíma fram á síðustu ár. Með lögum nr. 15 18. apríl 1979 var þó sú breyting gerð á lögum um Framleiðsluráð, að lögfest var heimild til þess að takmarka búvöruframleiðsluna vegna breyttra aðstæðna við framleiðslu og sölu búvara. Þeirri heimild hefur verið beitt síðan í framleiðslu mjólkur og nautgripa- og kindakjöts. Var þar um stefnubreytingu að ræða, þar sem áður hafði það verið einn megintilgangur laganna að tryggja næga búvöruframleiðslu í landinu.

Hér verða ekki raktar nánar breytingar, sem gerðar hafa verið á lögum um Framleiðsluráð landbúnaðarins frá upphafi, en vikið að því frumvarpi, sem hér er lagt fram. Í skýringum við einstakar greinar á að koma fram, hverju lagt er til að breytt verði eða hagað á annan veg en í gildandi lögum.

Frumvarp þetta felur í sér umfangsmiklar breytingar á lögum um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum. Til glöggvunar verður hér gerð grein fyrir helstu breytingum, sem að er stefnt:

- a. Framleiðslumálum landbúnaðarins eru sett skýr markmið.
- b. Hlutverki Framleiðsluráðs landbúnaðarins er breytt á þann veg, að það verður samstarfsvettvangur búvöruframleiðenda, en afskipti þess af vinnslu- og solumálum minnka.
- c. Verðlagningu búvöru verður skipt á þann veg, að annars vegar er ákveðið búvöruverð til framleiðenda, en hins vegar heildsöluverð á búvöru. Um ákvörðun smásöluverðs fari eftir almennri verðlagslöggjöf.
- d. Tekin eru upp ákvæði um skil og greiðslu afurðaverðs til búvöruframleiðenda.
- e. Dregið verði úr útflutningsbótagreiðslum, en hluta af því fé, sem við það sparast, verði hagnýtt með öðrum hætti í þágu landbúnaðarins.
- f. Heimild er veitt fyrir því að ríkisvaldið semji við bændur um ákveðið magn mjólkur- og sauðfjárafurða, sem þeim verður ábyrgt grundvallarverð fyrir.
- g. Lögfest verður heimild fyrir skiptingu búvöruframleiðslu með svæðabúmarki.
- h. Sérstakt gjald verður lagt á innflutt fóður til skepnueldis í því skyni að stjórna búvöruframleiðslu, og renni það til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins.
- i. Tekin eru upp almenn ákvæði um mat og flokkun hinna ýmsu búvara.
- j. Dregið er úr afskiptum og ábyrgð Framleiðsluráðs á málefnum, er varða vinnslu og sölu búvara.
- k. Reglur um innflutning á kartöflum og nýju grænmeti eru rýmkaðar. Gert er ráð fyrir að rekstri Grænmetisverslunar landbúnaðarins verði hætt í núverandi formi.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

I. KAFLI

Tilgangur laganna og orðaskýringar.

Um 1. gr.

Greinin fjallar um tilgang laganna hvað snertir framleiðslustefnu í landbúnaði gagnvart innlendum og erlendum mörkuðum, en einnig hvað snertir kjör bændu. Síðarnefnda atriðið er hliðstætt ákvæðum í gildandi lögum, sbr. 1. mgr. 4. gr. þeirra. Þá fellst í 1. gr. stefnumótun gagnvart nýtingu innlendra aðfanga í búvöruframleiðslunni, og kveðið er á um að stuðlað skuli að jöfnuði á milli búvöruframleiðenda hvað varðar verð fyrir afurðir og markað fyrir þær. Stefnumörkun sem þessi er nýmæli í lögum um framleiðslu- og solumál landbúnaðarins.

Um 2. gr.

Greinin er nýmæli í lögum og þarfnast ekki skýringar.

II. KAFLI

Yfirstjórn og samtök framleiðenda.

Um 3. gr.

Með frumvarpinu er landbúnaðarráðherra ætlað meira hlutverk en verið hefur varðandi samræmingu ýmissa þátta í framleiðslumálum landbúnaðarins. Í samræmi við það má gera ráð fyrir að efla þurfi ráðuneytið til þess að sinna hinum nýju verkefnum.

Um 4. gr.

Grein þessi er nýmæli í lögum. Í henni er kveðið á um skipan þátttöku Stéttarsambands bænda í samningum við ríkisstjórn um það framleiðslumagn búvöru, sem ríkið tekur verðábyrgð á skv. a-lið 30. gr. og 36. gr. Samkvæmt greininni getur Stéttarsambandið fengið einstökum samtökum framleiðenda umboð sitt til umræddra samninga og annarra ákvarðana skv. lögum þessum, en þá þarf landbúnaðarráðherra að viðurkenna slík samtök. Gengið er út frá því að aðeins verði viðurkennd ein samtök búvöruframleiðanda í hverri framleiðslugrein og verði það landssamtök, sem allir framleiðendur í viðkomandi grein eiga sama rétt til þátttöku í. Samtökin þurfa að hafa innan sinna vébanda a. m. k. fullan helming framleiðenda í viðkomandi búgrein, enda hafi þeir samsvarandi hlutdeild í framleiðslu hennar. Ekki er kveðið á um samningsaðila af hálfu ríkisins, að öðru leyti en því að gert er ráð fyrir, að landbúnaðarráðherra hafi forystu um að tilnefna aðila til samninga af hálfu ríkisins, sjá einnig aths. við a-lið 30. gr. frumvarpsins.

Þá eru í greininni ákvæði um rétt búvöruframleiðenda til þátttöku í Stéttarsambandi bænda, eða viðurkenndum aðildarfélögum þess, samkvæmt samþykktum Stéttarsambands bænda. Þess skal getið, að samþykktirnar eru nú til endurskoðunar hjá sérstakri nefnd Stéttarsambandsins. Í tillögu nefndarinnar, sem lögð hefur verið fram, er gert ráð fyrir aðild ýmissa sérbúgreinafélaga að Stéttarsambandinu og öðrum breytingum til þess að mæta vaxandi sérhæfingu búvöruframleiðenda. Við smíð 4. og 5. gr. þessa frumvarps hefur mið verið tekið af umræddri tillögu. Hér er um félagskerfi atvinnuvegarins að ræða, og því eðlilegt að löggjafinn taki fullt tillit til tillagna hans varðandi innri félagsskipan stéttarinnar.

Í greininni er ákvæði þess efnis, að samningar, sem gerðir kunna að verða við ríkisvaldið um framleiðslumagn skv. a-lið 30. gr., séu bindandi fyrir viðkomandi framleiðendur, hvort sem þeir eru félagsbundnir í áður nefndum samtökum framleiðenda eða standa utan þeirra.

Við samningu ákvæða þessarar greinar um félagsaðild að Stéttarsambandi bænda og samtökum framleiðenda skv. greininni, hefur verið höfð hliðsjón af ákvæðum laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur, laga nr. 46/1973 um kjarasamninga opinberra starfsmanna og lögum nr. 29/1976 um kjarasamninga Bandalags starfsmanna ríkis og bæja. Í samræmi við ákvæði nefndra laga er gert ráð fyrir að búvöruframleiðendur eigi almennt rétt á því að vera félagsmenn í hinum tilgreindu samtökum en samtökin setji sjálf nánari reglur um þá félagsaðild.

III. KAFLI

Um skipan og verkefni Framleiðsluráðs.

Um 5. gr.

Í greininni felst sú meginbreyting frá gildandi lögum, að Framleiðsluráð landbúnaðarins verður fyrst og fremst skipað búvöruframleiðendum í samræmi við hlutverk það, sem ráðinu er ætlað skv. 1.mgr. greinarinnar. Greininni er ætlað að tryggja betur aðild allra bænda að Framleiðsluráði landbúnaðarins hvers konar búvöruframleiðslu sem þeir stunda, og gera Framleiðsluráð þannig hæfara til þess að rækja hlutverk sitt varðandi framleiðslumál allra bænda og gæta jafnframt réttlætis á milli þeirra innbyrðis. Gert er ráð fyrir, að fulltrúum í ráðinu fjölgi úr ellefu í fimmtán.

Varðandi skipan Framleiðsluráðs er farið eftir tillögu nefndar, sem kjörin var á aðalfundi Stéttarsambands bænda árið 1984, til þess að endurskoða samþykktir Stéttarsambandsins, og skilaði álit sínu í febrúar s. l. Taka verður fram, að um þá tillögu hefur enn ekki verið fjallað á fulltrúafundum Stéttarsambands bænda.

Þá er gert ráð fyrir, að félagsráð Osta- og smjöröslunnar tilnefni einn fulltrúa í Framleiðsluráð, er verði þá einskona fulltrúi mjólkurframleiðenda og mjólkurvinnslunnar í

landinu, en mjólkurvinnslan er öll í höndum mjólkurframleiðenda. Hliðstætt þessu er gert ráð fyrir því, að sláturleyfishafar tilnefni sameiginlega fulltrúa sinn í Framleiðsluráð til þess m. a. að tengja þá ráðinu. Tekið er fram, að báðir þessir fulltrúar skuli vera úr hópi búvöruframleiðenda.

Gert er ráð fyrir, að einn fulltrúi landbúnaðarráðherra sitji í Framleiðsluráði, m. a. til þess að efla tengsl á milli ráðsins og landbúnaðarráðherra, sem fer með yfirstjórn þessara mála.

Önnur ákvæði greinarinnar eiga sér hliðstæðu í 1. gr. gildandi laga.

Um 6. gr.

Greinin kemur í stað 2. gr. gildandi laga. Ákvæði hennar eru í samræmi við breytt hlutverk Framleiðsluráðs frá núgildandi lögum. Ráðinu er ætlað að einbeita sér einkum að hagsmunum búvöruframleiðendanna.

Helstu nýmælin koma fram í tl. 2 varðandi framkvæmd framleiðslustjórnar. 4. tl. er nýtt ákvæði. Er þar bent á leið til þess að draga úr óhagkvæmum framleiðslusveiflum, sem kallað hafa á skammtímaráð af ýmsu tagi til þess að sníða framleiðslumagnið að þörf markaðarins. Varðandi tl. 5 skal þess getið, að ráðinu er ekki lengur ætlað að vera ákvörðunaraðili um veitingu sláturleyfa, heimildar til stofnunar mjólkurbúa og annarra vinnslu- og sölustöðva fyrir búvörur, eins og ákveðið er í núgildandi lögum.

IV. KAFLI

Um verðskráningu á búvörum.

Kaflinn þessi svarar til II. kafla gildandi laga, en á honum hafa verið gerðar verulegar breytingar. Felast þær í því, að verðákvörðun er skipt, þannig að búvöruverð til framleiðenda og heildsöluverð á búvöru er ákvarðað með aðskildum hætti.

Í gildandi lögum er sexmannanefnd, sem kunnugt er, gert að annast þessa verðlagningu alla, sbr. 5. gr. laganna. Í reynd hefur hún hins vegar ákveðið verð á nautgripa- og sauðfjárafurðum, auk nokkurra annarra afurða, en afurðir t. d. svína- og alifugla hefur nefndin ekki verðlagt.

Í frumvarpinu er heimild til þess að undanskilja verðákvörðun búvara verðlagningarákvæðum þess, sbr. 1. mgr. 8. gr. og 1. mgr. 16. gr. Jafnframt er þá gert ráð fyrir, að búvörur, sem ekki eru verðlagðar skv. reglum frumvarpsins, falli undir ákvæði almennra verðlagslaga, sbr. 16. gr. Með þessum hætti er verðákvörðun allra búvara búinn staður í lögum á þann veg, að taka megi tillit til mismunandi aðstæðna við verslun með þær.

Um 7. gr.

Greinin er hliðstæð 5. gr. núgildandi laga. Skipan nefndarinnar breytist á þann veg, að Alþýðusambandi Íslands er fenginn réttur til að skipa tvo fulltrúa í verðlagsnefndina, í stað eins áður, og að Bandalag starfsmanna ríkis og bæja hafi rétt til að skipa einn fulltrúa, en niður falli réttur Landsambands iðnaðarmanna og Sjómannafélags Reykjavíkur. ASÍ og BSRB eru fjölmennustu launþegasamtökin og því eðlilegt við þessa skipan verðlagsmála að ætla þeim að fara með fyrirvar sjónarmiða neytenda, líkt og gerist t. d. í verðlagsráði.

Önnur atriði greinarinnar eru óbreytt frá 5. gr. núgildandi laga.

Um 8. gr.

Greinin er hliðstæð hluta 6. gr. núgildandi laga. Verðlagsnefnd er ætlað að semja um verðlagsgrundvöll, er sé grundvöllur ákvörðunar á búvöruverði til framleiðenda.

Til þessa hefur verið lagður einn verðlagsgrundvöllur undir búvöruframleiðsluna. Þannig hefur sami grundvöllur gilt fyrir mjólkur- og kindakjötsframleiðslu. Í kjölfar vaxandi

framleiðslusérhæfingar þykir rétt að hafa heimild í lögum til þess að semja um sérstakan grundvöll fyrir hvora þessara búgreina. Nefndinni er á sama hátt ætlað að semja um verðlagsgrundvöll fyrir aðrar búgreinar, þegar Stéttarsamband bænda og samtök framleiðenda í viðkomandi grein óska eftir því. Um slíka verðlagningu getur því eigi orðið að ræða nema til staðar séu viðurkennd landssamtök framleiðanda skv. 2. mgr. 4. gr. í viðkomandi búgrein og að þau og Stéttarsamband bænda óski bæði eftir slíkri verðlagningu. Þetta tvennt er nýmæli. Gert er ráð fyrir að um gildistíma verðlagsgrundvallar vegna annarra búgreina fari eftir ákvæðum 10. og 12. gr.

Breytt er formi á meðferð mála, ef ágreiningur rís á milli samningsaðila. Gert er ráð fyrir að þeir geti með samkomulagi allra nefndarmanna vísað ágreiningnum beint til yfirnefndar, en skv. nógildandi lögum skal honum fyrst vísað til sáttasemara. Breytingin á að geta sparað tíma við meðferð ágreiningsatriða.

Í greininni er tiltekinn með skýrari hætti en í nógildandi lögum sá tími, er sáttasemjari hefur til sátttaumleitana í ágreiningsmálum.

Síðasta málsgreinin er nýmæli.

Að öðru leyti eru ekki gerðar efnislegar breytingar á vinnubrögðum við samninga um verðlagsgrundvöll frá nógildandi lögum.

Um 9. gr.

Efnislega svarar greinin til 4. gr. nógildandi laga. Ákvæði um tekjuviðmiðun búvöruframleiðenda er þó breytt á þann veg, að felld er niður hin beina kaupgjaldsviðmiðun við verkamenn, sjómenn og iðnaðarmenn. Í stað þess er tekin upp viðmiðun við þá, er vinna sambærileg störf og búvöruframleiðendur, hvað varðar kröfur um menntun, sérhæfni og ábyrgð. Búrekstur er fjölþættur starfi, sem gerir miklar kröfur til þeirra, sem hann stunda. Með ákvæðum greinarinnar er ætlast til þess að meira tillit sé tekið til þessa en gert er með ákvæðum nógildandi laga.

Gert er ráð fyrir að um leið og nefndin semur um viðmiðun kaupgjalds, ákveði hún jafnframt reglur um það, hvernig kaupgjaldsliður verðlagsgrundvallar skuli framreiknaður við ársfjórðungslegar breytingar á launum, sbr. 12. gr.

Um 10. gr.

Efni greinarinnar svarar til 7. gr. í gildandi lögum.

Um 11. gr.

Efni greinarinnar svarar til 8. gr. í gildandi lögum. Sú breyting er gerð, að verðlagsnefnd skal hafa samráð við Hagstofu Íslands og Búreikningastofu landbúnaðarins um skipulag starfs varðandi öflun rekstursreikninga búa, en þann þátt annast Búreikningastofan, skv. sérstökum lögum.

Um 12. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 1. mgr. 9. gr. gildandi laga.

Um 13. gr.

Grein þessi er nýmæli og í samræmi við þá breytingu á verðlagningu búvara, sem fyrr var getið. Gert er ráð fyrir að fimm manna nefnd annist verðlagningu búvara í heildsölu, sbr. þó ákvæði 16. gr. Í nefndinni sitji fulltrúar afurðastöðva fyrir búvörur og neytenda, undir forsæti verðlagsstjóra eða fulltrúa hans. Með því móti skapast ákveðin tengsl við hið almenna verðlagskerfi og verðlagseftirlit. Í samræmi við það er sömu aðilum og nú tilnefna fulltrúa neytenda í verðlagsráð, þ. e. Alþýðusambandi Íslands og Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, falið að tilnefna tvo fulltrúa í þessa nefnd, eða viðskiptaráðherra, noti samtök þessi ekki rétt sinn til tilnefningar.

Gert er ráð fyrir tveimur fulltrúum afurðastöðva í nefndinni, þannig að þeir taki sæti í nefndinni eftir því hvaða búvörflokka verið er að verðleggja, þ. e. mjólk, kjöt og sláturafurðir, grænmeti og egg. Þannig velji afurðastöðvar í mjólkuriðnaði (mjólkurbú, mjólkursamlög), sem þegar hafa með sér allnána samvinnu innan Osta- og smjörsölnunnar, tvo fulltrúa sína í nefndina, til þess að fjalla um heilðsöluverð mjólkur og mjólkurafurða. Á sama hátt er ætlast til þess, að fulltrúar löggiltra sláturhúsa tilnefni úr sínum hópi tvo fulltrúa til starfa í nefndinni að ákvörðun heilðsöluverðs á kjöti og öðrum sláturafurðum.

Skipan þessi kallar fram samstarf afurðastöðva í hinum ýmsu framleiðslugreinum vegna verðlagningarinnar, og hreyfanleg skipan nefndarinnar tryggir það, að afurðastöðvar í skyldum (sömu) greinum eigi beina aðild að heilðsöluverðsákvörðuninni.

Kjóni afurðastöðvar ekki að tilnefna fulltrúa í nefndina, skal landbúnaðarráðherra tilnefna fulltrúa í þeirra stað.

Um 14. gr.

Í greininni er skýrður sá grunnur, er ákvörðun heilðsöluverðs skuli byggð á. Við ákvörðun þess verði metinn vinnslu- og dreifingarkostnaður búvöru, þ. m. t. vaxta- og geymslukostnaður, þar sem tekið er mið af afkomu fyrirtækja, sem rekin eru á tæknilega og fjárhagslega hagkvæman hátt og nýta eðlilega afkastagetu. Veitt er heimild til þess að gangast fyrir sérstökum rannsóknum í því skyni að styrkja upplýsingagrundvöll. Inn í heilðsöluverðsákvörðun fellur tillögugerð um verðmiðlunargjöld skv. 19. gr. frumvarpsins.

Gert er ráð fyrir, að verðlagningu sé lokið fyrir 1. september ár hvert, nema aðilar verði sammála um annað.

Þá er gert ráð fyrir, að úrskurður nefndarinnar sé endanlegur, og að ágreiningi verði ekki vísað til úrlausnar hjá öðrum aðilum.

Um 15. gr.

Greinin er efnislega hliðstæð 9. gr. gildandi laga. Nýmæli er það, að verðbreytingar eru ekki eingöngu bundnar við ákveðnar dagsetningar ársfjórðungslega, heldur skulu þær heimilaðar þegar afurðaverð til framleiðenda, rekstrarkostnaður eða vinnulaun breytast.

Um 16. gr.

Í 1. mgr. greinarinnar er fylgt þeirri stefnu, sem fram kemur í 1. mgr. 8. gr. laga nr. 56 16. maí 1978 um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, að heimilt sé að gefa verðlagningu frjálsa, þegar samkeppni er nægileg, til þess að tryggja æskilega verðmyndun og sanngjarnt verðlag. Hafi verðlagning verið gefin frjáls með þessum hætti, geta fimmannanefnd og Verðlagsstofnun skyldað hlutaðeigandi aðila til að tilkynna til þeirra um verðhækkanir. Fimmannanefnd er jafnan heimilt að ákveða að verðlagning, sem gefin hefur verið frjáls skv. þessari grein, skuli á ný falla undir 13. til 15. gr., ef skilyrði greinarinnar eru ekki lengur fyrir hendi að dómi nefndarinnar. Þó að verðlagning sé gefin frjáls skv. þessari grein, kunna stjórnvöld þó að grípa inn í slíka verðlagningu, t. d. þegar ákvæði 1. nr. 56/1978 um samkeppnishömlur eiga við.

Í 2. mgr. kemur fram sú meginregla, að fimmannanefnd skuli aðeins ákveða heilðsöluverð á þeim búvörum, sem verðlagsnefnd hefur skv. 8. gr. ákveðið framleiðendum verð fyrir.

Skv. 1. mgr. 8. gr. frv. skal verðlagsnefnd ákveða verð á sauðfjár- og nautgripaafurðum til framleiðenda, en afurðaverð til framleiðenda á öðrum búvörum ákveður nefndin ekki nema um það komi óskir frá Stéttarsambandi bænda og viðurkenndum samtökum framleiðenda í greininni.

Á síðustu árum hefur fækkað þeim tegundum vinnsluvara búvara, sem sexmannanefnd hefur verðlagt. Samkvæmt ákvæðum þessarar greinar er fimmmannanefnd heimilt að ákveða verð á vinnsluvörum, sem unnar eru úr þeim búvörum, sem verðlagðar eru til framleiðenda skv. 8. gr. Nefndin getur hins vegar í samræmi við 1. mgr. þessarar greinar ákveðið að gefa verðlagningu tiltekinna vinnsluvara frjálsa og er það í samræmi við þá starfsreglu, sem sexmannanefnd hefur fylgt.

Um 17. gr.

Samkvæmt gildandi lögum skal sexmannanefnd ákveða smásöluverð landbúnaðarvara, sjá 5. gr. 1. nr. 95/1981. Í framkvæmd hefur sexmannanefnd síðustu ár fyrst og fremst ákveðið smásöluverð á þeim búvörum, sem hafa verið niðurgreiddar úr ríkissjóði, eða kindakjöti, nautakjöti, mjólkurvörum og kartöflum. Verðlagning annarra landbúnaðarvara í smásölu hefur hins vegar verið frjáls. Eins og tekið er fram í athugasemdum við 16. gr., ákveður fimmmannanefnd ekki sjálfkrafa heildsöluverð á nema hluta búvara og þar sem heildsöluverð er ekki ákveðið af fimmmannanefnd, fer um verðlagningu þeirra vara bæði í heildsölu og smásölu eftir ákvæðum 1. nr. 56/1978. Ákveði fimmmannanefnd hins vegar heildsöluverð búvara, fer um ákvörðun smásöluverðs eftir þeim verðlagningarreglum, sem almennt gilda í landinu skv. 1. nr. 56/1978. Það verður því verkefni verðlagsráðs og Verðlagsstofnunar, að fara með verðlagningu allra búvara í smásölu skv. ákvæðum 1. nr. 56/1978.

Samkvæmt 2. mgr. 1. gr. 1. nr. 56/1978 um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, ná ákvæði þeirra um verðlag og samkeppnishömlur hvorki til útflutnings né til verðlagningar, sem ákveðin er með sérstökum lögum. Þrátt fyrir að í þessu frv. séu ýmsar sérreglur settar um verðlagningu búvara, þykir eðlilegt að taka af öll tvímæli um að þegar hinum sérstöku reglum frv. sleppir, gilda þau ákvæði laga nr. 56/1978, sem fram koma í IV. til og með IX. kafla laganna um verðlagningu og viðskipti með búvörur. Þau ákvæði sem hér um ræðir lúta fyrst og fremst að markaðsráðandi fyrirtækjum, samkeppnishömlum, óréttmætum viðskiptaháttum, neytendavernd og meðferð þessara mála. Samkvæmt þessum ákvæðum verður t. d. samtökum framleiðenda tiltekinna búvara, þar sem verðlagning hefur verið gefin frjáls, óheimilt að hafa með sér samráð og ákveða sameiginlega, t. d. heildsöluverð á viðkomandi búvöru, sbr. 21. gr. 1. nr. 56/1978. Ákvæði 1. nr. 56/1978 víkja hins vegar fyrir ákvörðunum sem teknar eru á grundvelli ákvæða þessa frumvarps, t. d. um verðmiðlun og samkomulag sem gert er skv. 48. gr. frumvarpsins.

Þar sem fulltrúar búvöruframleiðenda eiga ekki aðild að verðlagsráði, en ákvarðanir ráðsins og Verðlagsstofnunar á grundvelli þessara heimilda kunna að varða hagsmuni þeirra, er hér lögboðið að Framleiðsluráð og samtök viðkomandi framleiðenda fái að tjá sig í samræmi við 47. gr. 1. nr. 56/1978.

Um 18. gr.

Ákvæði 1. mgr er hliðstætt 11. gr. 1. nr. 95/1981. Þetta ákvæði á ekki við þegar verð búvara er ákveðið skv. 1. nr. 56/1978. Um refsingar vegna brota gegn þessu ákvæði fer eftir 59. gr. Í samræmi við ákvæði þessarar greinar er óheimilt að selja búvöru innanlands á lægra eða hærra verði en ákveðið er af þeim aðilum, sem fara með slíkar verðlagsákvæðanir skv. lögum þessum.

Við sölu búvara á erlendan markað ræðst söluverðið af markaðsverði á hverjum tíma og er því eigi hægt að láta hinar opinberu verðákvæðanir skv. lögum þessum taka til þeirra viðskipta.

2. mgr. er samhljóða 1. mgr. 12. gr. 1. nr. 95/1981.

V. KAFLI

Um verðmiðlun.

Ákvæði um verðmiðlun eru í 40. gr. gildandi laga. Þessi kafli frumvarpsins er nokkuð breyttur frá gildandi lögum, þar sem í aðalatriðum er um að ræða tvenns konar jöfnun á afurðaverði:

- a) verðmiðlun með svipuðum hætti og kveðið er á um í III. kafla gildandi laga. Kostnaður vegna verðmiðlunar telst hluti af dreifingar- og heildsölu kostnaði.
- b) framleiðslugjald, sem ætlað er til verðjöfnunar á milli framleiðenda vegna útflutnings búvara, hliðstætt e-lið 40. gr. gildandi laga. Gjald þetta fellur á framleiðendur, og hefur ekki áhrif á söluverð búvaranna.

Þar sem telja verður töku verðmiðlunargjalda skatt í merkingu stjórnarskrárinnar, eru í kaflanum tilfærð atriði er varða grundvöll gjaldtökunnar, um hámark hennar í hverju tilviki, og um endurskoðun gagna og reikninga vegna gjaldtökunnar.

Um 19. gr.

Gert er ráð fyrir, að fimm mannanefnd geri að höfðu samráði við Framleiðsluráð tillögur til ráðherra um upphæð verðmiðlunargjalda, innheimtu þeirra og ráðstöfun, þar sem gjöldin skulu gera afurðastöðvum kleift að greiða framleiðendum fullt verð fyrir búvörur sbr. 29. gr. Í samræmi við það er fram tekið í 2. mgr. greinarinnar, í hvaða skyni verðmiðlun skuli heimiluð. Efnislega eru atriðin samhljóða ákvæðum í 40. gr. gildandi laga. Skv. 49 gr. frv. er mjólkurbúi eða samsölustjórn, þar sem hún starfar, lögð sú skylda á herðar að fullnægja þörf sölusvæðisins fyrir ákveðnar mjólkurvörur. Staflíður d heimilar verðmiðlun til þess að greiða fyrir flutningum þessara vara inn á sölusvæðið, sé þeirra þörf.

Ákvörðun um verðmiðlun er í frumvarpinu færð frá Framleiðsluráði landbúnaðarins til landbúnaðarráðherra, sem ætlað er að byggja hana á tillögum sem fimmmannefnd gerir í samráði við Framleiðsluráð. Lítið er svo til, að verðmiðlun þessi sé í eðli sínu fyrst og fremst mál afurðastöðvanna, og að þetta sé rökrétt skipan í framhaldi af þeirri skerpingu mæra framleiðenda og vinnslustöðva, sem frumvarpið almennt gerir ráð fyrir.

Við ákvörðun verðmiðlunargjalda er sérstök skylda lögð á fimmmannefnd, að taka tillit til þeirra samninga um verkaskiptingu afurðastöðva í mjólkuriðnaði, sem 48. gr. frumvarpsins gerir ráð fyrir að gerðir séu, enda hafi ráðherra staðfest slíka samninga.

Í greininni er tekið fram, hve há verðmiðlunargjöld megi vera og er það nýmæli.

Gert er ráð fyrir, að Framleiðsluráð landbúnaðarins annist öflun gagna vegna ákvörðunar verðmiðlunargjalda. Til þessa hefur Framleiðsluráð skv. lögum annast verðmiðlun. Þar er því til staðar mikil þekking og reynsla varðandi verðmiðlun alla, sem einboðið er að nýta áfram, þótt ráðið sé á hinn bóginn leyst undan ábyrgð á verkinu, af ástæðum sem raktar voru í upphafi athugasemda við þessa grein frumvarpsins, sbr. einnig athugasemdir við III. kafla frumvarpsins.

Um 20. gr.

Greinin gerir ráð fyrir að framleiðendur mjólkur- og sauðfjárafurða skuli allir fá sama verð fyrir þann hluta framleiðslunnar, sem selja þarf á erlendan markað. Í því skyni skulu innheimt framleiðslugjöld, með hætti sem ræðst af því hvort beitt er heimild til framleiðslustjórnar samkvæmt búmarki, sbr. 30. gr. b.

Sé þeirri heimild beitt, skal innheimta framleiðslugjöld af því búvörumagni, sem er umfram umsamið búmark, sbr. b-lið 30. gr. Með því móti á að tryggja það, að afurðastöðvar og þá um leið framleiðendur hafi sambærilega aðstöðu til þess að koma því búvörumagni á markað, sem um hefur verið samið í samningum ríkis og framleiðenda, sbr. a-lið 30. gr., eða ákveðið skv. öðrum heimildum þessarar greinar. Framkvæmd uppgjors framleiðslugjalda

getur orðið á þann veg að þau séu gerð upp í lok verðlagsárs í samræmi við búvörumagn hjá einstökum framleiðendum umfram búmark, og magn og verð þeirrar búvöru, sem seld hefur verið á erlendan markað.

Sé heimild um framleiðslustjórn samkvæmt búmarki, sbr. b-lið 30. gr., ekki beitt, er skv. b-lið þessarar greinar heimilt að taka framleiðslugjöld af öllu framleiðslumagni viðkomandi búvöru til jöfnunar á verði til framleiðenda. Er það hliðstæður háttur og heimild er fyrir í gildandi lögum, sbr. e-lið 40. gr.

Endurtekið skal, að framleiðslugjöld hafa eingöngu áhrif á verð búvaranna til framleiðenda, en ekki verð þeirra til neytenda. Gjöldin varða því framleiðendurna mestu, og í samræmi við það er í greininni gert ráð fyrir, að Framleiðsluráð geri tillögur til landbúnaðarráðherra um innheimtu gjaldanna og annist umsjá þeirra, sbr. 24. gr. Eingöngu er gert ráð fyrir að taka megi framleiðslugjöld af mjólkur- og sauðfjárafurðum. Í greininni er kveðið á um að framleiðslugjöld megi aldrei vera hærri en nemur grundvallarverði viðkomandi búvöru.

Um 21. gr.

Í 3. tl. 1. mgr. 29. gr. er kveðið á um að framleiðendur sauðfjárafurða, sem lagðar eru inn í haustsláturtíð skuli fá tiltekna viðbótargreiðslur vegna verðhækkana, sem verða á óseldum birgðum vegna hækkana á afurðaverði til framleiðenda í tilefni af breytingum á verðlagsgrundvelli. Þessar viðbótargreiðslur miðast við heildarbirgðir í landinu en ekki birgðir þeirrar afurðastöðvar, sem framleiðandi er í viðskiptum við. Tekjur til greiðslu þessara viðbótargreiðslna myndast við sölu þeirra birgða, sem afurðastöð er heimilt að selja á hækkuðu verði vegna framangreindra verðhækkana. Vegna mismunandi solumöguleika og birgða kann hins vegar svo að fara að afurðastöð hafi selt allar sínar birgðir af sauðfjárafurðum áður en til þessara viðbótargreiðslna kemur og að sú sala hafi farið fram á lægra verði. Nauðsynlegt er því að framkvæma verðmiðlun milli afurðastöðva vegna umræddra viðbótargreiðslna.

Um 22. gr.

Greinin er að hluta sama efnis og 5. tl. í 2. gr. gildandi laga og veitir ráðherra, að fenginni tillögu Framleiðsluráðs landbúnaðarins, heimild til þess að ákveða mismunandi hátt útborgunarverð á mjólk eftir árstíðum, þrátt fyrir ákvæði 29. gr. frumvarpsins, um staðgreiðslu afurðaverðs. Mismunur þessi skal ekki hafa áhrif á útsöluverð mjólkurvara til neytenda. Ákvæði 5. tl. 2. gr. gildandi laga hefur reynst mjög virk leið til þess að jafna mjólkurframleiðsluna eftir árstíðum. Hefur það stuðlað mjög að sparnaði og aukinni hagræðingu í mjólkuriðnaðinum.

Tekið er fram, að gjald vegna þessara ráðstafana megi hæst nema 30% af grundvallarverði mjólkur. Slíkt ákvæði er nýmæli í lögum.

Um 23. gr.

Greinin er nýmæli og þarfnast ekki skýringa.

Um 24. gr.

Hér er lagt til að Framleiðsluráð landbúnaðarins annist áfram innheimtu og skrifstofuhald vegna framkvæmdar verðmiðlunar samkvæmt þessum lögum og þá í samræmi við þær ákvarðanir, sem hlutaðeigandi aðilar taka skv. heimild í þeim. Í greininni eru settar nánari reglur en nú eru í lögum um reikningshald og kostnað vegna framkvæmdar á verðmiðlun. Þykir eðlilegra að sá kostnaður sem þessu fylgir sé greiddur hlutfallslega af innheimtum verðmiðlunar- og framleiðslugjöldum í stað þess að jafna þessum kostnaði niður á alla búvöruframleiðsluna.

Regla 2. mgr. um skipun endurskoðenda reikninga vegna innheimtra verðmiðlunar- og framleiðslugjalda er nýmæli.

Ákvæði 3. mgr. er í samræmi við 1. mgr. 42. gr. 1. nr. 95/1981.

Um 25. gr.

Samkvæmt 41. gr. 1. nr. 95/1981 ákveður Framleiðsluráð landbúnaðarins árlega, samhliða ákvörðun verðmiðlunargjalds skv. 40. gr. laganna, hve hátt gjald skuli tekið til að standa straum af framkvæmd laga nr. 95/1981, þar á meðal kostnaði við Framleiðsluráð o. fl. (sjá þó 13. gr.). Í þessu frv. eru Framleiðsluráði landbúnaðarins falin ýmis verkefni og er þá í nokkrum tilvikum, s. s. 24. gr. og d-lið 30. gr. ákveðið, hvernig kostnaður af því starfi skuli greiddur. Til að standa straum af kostnaði við önnur verkefni Framleiðsluráðs, er hér lagt til að áfram verði í lögum heimild til að innheimta sérstakt gjald af heildsöluverði þeirra búvara, sem lög þessi taka til. Nýmæli er að til innheimtu á gjaldinu þarf samþykki ráðherra og ákveðið er hámark gjaldsins.

Í 3. mgr. er nýmæli, sem felur í sér heimild til að ráðstafa tekjum af innheimtu gjaldi til samtaka framleiðenda í viðkomandi búgrein, enda annist þau samtök sambærileg verkefni og Framleiðsluráði eru ætluð í lögum þessum vegna búgreinarinnar. Hér undir gætu t. d. fallið tilvik, þar sem Framleiðsluráð felur samtökum framleiðenda að annast verkefni, sem því bæri annars að sinna skv. þessum lögum.

Gjald samkvæmt þessari grein má, eins og áður sagði, innheimta af öllum þeim búvörum, sem lög þessi taka til, þ. á m. afurðum loðdýra, og heildsöluverð, sem gjaldið reiknast af er því ýmist heildsöluverð ákveðið af verðlagsyfirvöldum skv. lögum þessum eða lögum nr. 56/1978, eða verð ákveðið í viðskiptum aðila, t. d. útflutningsverð.

Um 26. gr.

Efni þessarar greinar er hliðstætt 3. mgr. 42. gr. 1. nr. 95/1981 að því breyttu, að Framleiðsluráð aftar nú gagna fyrir fimmmannanefnd til tillögugerðar um framkvæmd verðmiðlunar. Er ákvæði þetta sett til að undirstrika þann vilja, að aðstaða Framleiðsluráðs til að afla þessara upplýsinga verði nýtt í stað þess að ætla nýjum aðila þetta verkefni.

Í lok greinarinnar er nýmæli, sem heimilar að fresta greiðslu verðmiðlunargjalda eða framleiðslugjalda til þeirra aðila, sem ekki láta í té umbeðin gögn auk þess sem heimilt er að beita þá dagsektum.

Um 27. gr.

1. mgr. er samhljóða 2. mgr. 42. gr. 1. nr. 95/1981. Að öðru leyti er greinin nýmæli að því er lýtur að setningu reglugerða um hinar nánar tilgreindu atriði í greininni.

VI. KAFLI

Um greiðslu afurðaverðs.

Greinar þessa kafla eru nýmæli. Aðstæður hafa sýnt, að nauðsynlegt er að hafa ákvæði um greiðslu afurðaverðs mörkuð með frekari hætti í lögum.

Um 28. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 29. gr.

Greinin felur í sér reglur um greiðslur til framleiðenda fyrir afurðir. Ná þær aðeins til þess afurðamagns, sem framleiðandi hefur heimild fyrir skv. 30. gr., enda er litið svo á, að afurðir umfram þá heimild séu alfarið á ábyrgð framleiðanda sjálfs. Þá nær skyldan aðeins til afurða, sem verð til framleiðenda er ákveðið á, skv. 8. gr.

Ákvæði þessarar greinar byggist á því, að afurðastöðvum sé með afurðalánnum gert kleift að uppfylla skyldur þessar. Fyrir því er samþykkt ríkisstjórnarflokkanna frá 6. september 1984 og ákvörðun ríkisstjórnarinnar frá 19. mars 1985 um afurðalán landbúnaðar og iðnaðar.

Þess skal getið, að ákvæði þessarar greinar eru í samræmi við ábendingu „sjömannanefndar“ frá 11. september 1984, þar sem sagði, að

„gerðar verði ráðstafanir til þess að fjármagna nauðsynlegar og árstíðabundnar birgðir landbúnaðarvara að fullu, þannig að greiðsla til bænda fyrir afurðir verði inntar af hendi þegar eða sem fyrst eftir afhendingu.“

Samkvæmt 12. gr. kaupalaga nr. 39/1922 er það meginregla í viðskiptum, að þegar ekkert hefur verið ákveðið eða samið um, hvenær kaupverð skuli greitt, að þá skuli líta svo á, að kaupverðið beri að greiða hvenær sem krafist er, sbr. einnig 1. gr. laga nr. 43/1943 um greiðslu íslenskra afurða. Í viðskiptum framleiðenda búvara og söluaðila hafa aðilar í ýmsum tilvikum komið sér saman um tilteknar uppgjorsreglur, en í öðrum tilvikum hefur uppgjör innlagðra búvara ráðist af ákvörðunum söluaðila. Með reglum þessarar greinar eru lögboðnar tilteknar uppgjorsreglur og kunna þær í einstaka tilvikum að þrengja rétt framleiðenda frá því, sem annars væri skv. gildandi lögum, en almennt er þessum reglum ætlað að flýta uppgjöri á greiðslum afurðaverðs til framleiðenda.

Þrátt fyrir uppgjorsreglur greinarinnar er aðilum þessara viðskipta þó frjálst að semja um annan hátt á greiðslum sín í milli og er það í samræmi við meginreglur kaupalaga nr. 39/1922 og laga nr. 28/1930 um greiðslu verkkaups. Samningar skv. greininni þurfa að vera einstaklingsbundnir, en þeir kunna að vera með mismunandi formi, t. d. viðskiptasamningur milli aðila eða stofnsamningur félags, þar sem ákvæði eru um, hvernig slíkum greiðslum skuli háttáð.

VII. KAFLI

Um stjórn búvöruframleiðslunnar.

Með breytingu laga um Framleiðsluráð landbúnaðarins o. fl. árið 1979 var tekið upp nýmæli varðandi stjórn búvöruframleiðslunnar. Hafði búvöruframleiðsla á ýmsum sviðum þá aukist svo, að einboðið þótti að hafa heimild í lögum til þess að stýra henni, þannig að samræmi yrði við tiltæka markaði. Þróun búvöruframleiðslunnar síðan sýnir, að áfram er nauðsynlegt að hafa í lögum heimild til framleiðslustjórnar búvöru.

Í VII. kafla frumvarpsins felast þessar heimildir. Efnislega eru þær í mörgu samhljóða 2. gr. a laga um Framleiðsluráð landbúnaðarins o. fl. nr. 95 11. des. 1981, sbr. lög nr. 45/1981. Tekið hefur verið tillit til þeirrar reynslu, sem fengist hefur af lagaákvæðunum og framkvæmd þeirra þann tíma sem þau hafa verið í gildi.

Um 30. gr.

Greinin er að mestu leyti nýsmíði, en á sér þó hliðstæðu í 2. gr. a gildandi laga. Lagt er til að landbúnaðarráðherra hafi áfram heimild til þess að grípa til ráðstafana í því skyni, að búvöruframleiðslan verði í samræmi við tilgang lagafrumvarpsins, sbr. b- og c-lið 1. gr. þess.

Þannig eru sett skýrari markmið með afskiptum stjórnvalda af búvöruframleiðslunni en eru í gildandi lögum. Ráðstafanir, sem ráðherra er heimilt að grípa til, eru í fjórum liðum.

- a) Gert er ráð fyrir að ríkisstjórnin semji við Stéttarsamband bænda um það magn mjólkur- og sauðfjárafurða, sem fullt grundvallarverð mun ábyrgst fyrir. Gengið er út frá því, að innlendi markaðurinn skili fullu verði fyrir mjólk og kindakjöt til framleiðenda, svo að hér verði um verðábyrgð á tilteknu afurðamagni til útflutnings að ræða, þar sem ekki er að vænta grundvallarverðs fyrir. Ábyrgð á þessu afurðamagni er hugsuð bæði til þess að létta þessum framleiðslugreinum aðlögun að markaði og til þess að ná því markmiði sem sett er í b-lið 1. gr. frumvarpsins, þ. e. að tryggja ávallt nægjanlegt vöruframboð við breytilegar aðstæður í landinu. Samningar þessir skulu gerðir innan þess ramma sem 36. gr. frumvarpsins setur þátttöku ríkisvaldsins í verðábyrgð.

Sjómannanefnd, er skilaði landbúnaðarráðherra álit sínu 11. september 1984, gerði tillögur um samninga af því tagi, sem hér eru lagðir til. Benti nefndin á það verklag, að í samningum yrði hverju sinni miðað við neyslu af viðkomandi búvöru næstliðin fjögur ár, með eðlilegri viðbót til þess að mæta árstíða- og árferðissveiflum.

Í greininni er gert ráð fyrir að samningar þessir skuli gerðir til eins árs í einu, en heimilt er þó að semja til lengri tíma. Benda má á þægindi af því að semja til næsta verðlagsárs, en gera um leið áætlun til lengri tíma, sem myndaði þannig grundvöll að næstu samningum. Með því móti getur skapast ákveðin festa í framleiðslu búvara þessara, sem jafnframt tekur nauðsynlegt mið af markaðsbreytingum.

Heimild til samninga skv. þessum tölulið er aðeins bundin við mjólkur- og sauðfjárafurðir, og má semja um einstakar búvörur.

Varðandi skipan samninganefndar skal vísað til 4. gr. frumvarpsins. Þar er gert ráð fyrir, að Stéttarsamband bænda fari með fyrirvar framleiðenda við samningagerðina, en ráðherra geti viðurkennt samtök framleiðenda í viðkomandi búgrein sem samningsaðila, að fengnu samþykki Stéttarsambands bænda. Landbúnaðarráðherra er ætlað að hafa forystu um skipan fulltrúa ríkisins í samninganefndina.

- b) Staflíður þessi á sér hliðstæðu í 1. mgr. a-liðar 2. gr. a gildandi laga, sbr. l. nr. 45/1981, og er í samræmi við það búmarkskerfi, sem beitt hefur verið. Skilyrði fyrir beitingu þessa ákvæðis er þó, að fyrir liggja ákvörðun skv. 8. gr. um afurðaverð til framleiðenda í viðkomandi búgrein. Greinin getur átt við hvort sem um er að ræða skiptingu á því magni, sem um er samið skv. a-lið þessarar greinar, eða aðra búvöruframleiðslu, sem lögin taka til. Um innheimtu framleiðslugjalds vísast til athugasemda við 20. gr.

Rétt þykir að hafa í lögum heimild til þess að skipta verðábyrgð ríkissjóðs skv. 36. gr. á milli framleiðenda, ef slík verðábyrgð verður ekki nýtt til stjórnunar búvöruframleiðslunnar skv. öðrum heimildum frumvarpsins.

Gert er ráð fyrir, að ráðherra leiti tillagna samtaka búvöruframleiðenda, sbr. 35. gr., áður en þessum heimildum er beitt. Þar sem hér er fyrst og fremst um hagsmunamál framleiðenda að ræða, er eðlilegt að framkvæmd þessara ákvæða, að heimild fenginni, sé falin Framleiðsluráði landbúnaðarins.

- c) Efni þessa staflíðar er nýmæli í lögum. Veitt er heimild til þess að ákveða skiptingu framleiðsluheimildar (búmarks) eftir héruðum. Mál þetta hefur verið til athugunar hjá stjórnskipaðri nefnd, sem skilaði álit sínu til landbúnaðarráðherra vorið 1984. Lagði nefndin til að heimild til svonefnds svæðabúmarks yrði sett í lög, og er hér farið að tillögu nefndarinnar. Meginrökin fyrir nýbreytni þessari felast í því, að með henni sé ákvörðun um og ábyrgð á framleiðslustjórn færð nær þeim, sem varðar mest um hana, þ. e. búvöruframleiðendum.

Með svæðabúmarki er einnig talið auðveldara að taka tillit til aðstæðna í hverju héraði, t. a. m. annarra atvinnumöguleika en í þeim greinum, sem stjórninni lúta, landnýtingar o. fl.

Gert er ráð fyrir að búmarkssvæði markist af svæðum búnaðarsambandanna, m. a. vegna þess að þau eru mynduð af grunneiningum félagskerfis bænda, en einnig vegna þess að æskilegast er, að framkvæmd svæðabundinnar framleiðslustjórnar lúti stjórn búnaðarsambandanna með einum eða öðrum hætti.

Í töluð þessum er einnig gert ráð fyrir að fela megi öðrum viðurkenndum samtökum framleiðenda, sbr. 2. mgr. 4. gr., ákvörðunaraðild um búmark, þar með talið svæðabúmark. Þannig getur ráðherra veitt viðurkenndum sérsamböndum búvöruframleiðenda heimild til þess að skipta framleiðslu á milli einstakra framleiðenda í samræmi við nánari reglur og viðmiðanir, sem ráðherra setur í reglugerð.

Nú er unnið að tillögum um framkvæmd framleiðslustjórnar með svæðabúmarki. Því þykir ekki rétt að binda svæðaskiptinguna með lögum og því er ráðherra heimilt að ákveða aðra svæðaskiptingu að fengnu samþykki Framleiðsluráðs landbúnaðarins og viðkomandi búnaðarsambanda.

- d) Í staflíð þessum felst heimild til þess að innheimta gjöld af innfluttu fódri og hráefnum í það. Um er að ræða tvenns konar gjöld: Í fyrsta lagi grunn gjald til þess að mæta óeðlilegum niðurgreiðslum erlendis, er stofnað gætu innlendri framleiðslu í hættu. Gjald þetta rennur í ríkissjóð. Í öðru lagi er um að ræða sérstakt fódurgjald, sem ætlað er til þess að stjórna framleiðslu búvara. Gert er ráð fyrir heimild til endurgreiðslu þessa gjalds, og að endurgreiðslur skuli miðaðar við framleiðslumagn, sem ákveðið er eftir þörf markaðar fyrir viðkomandi búvöru. Fóður, sem notað verður til framleiðslu umsamins magns búvara eða ákveðins með öðrum hætti skv. þessari grein, er þannig heimilt að undanþiggja gjaldtöku.

Gjaldskylda er bundin við fóður og hráefni í það eins og hugtakið er skilgreint í 2. gr.

Gert er ráð fyrir heimild til þess að undanskilja einstakar fóðurtegundir þessari gjaldskyldu, t. d. vegna búgreina, sem einkum framleiða fyrir erlendan markað, svo sem loðdýrarækt.

Lagt er til að hið sérstaka fódurgjald, sem ekki verður endurgreitt, renni í Framleiðnisjóð landbúnaðarins. Þannig verkar það sem raunverulegt stýrigjald, þ. e. beinir framleiðslu frá offramleiðslu til nýrra viðfangsefna, sbr. 34. gr.

Þar sem telja verður töku fódurgjalda skv. þessari grein skatt í merkingu stjórnarskrárinnar, eru í þessari grein og öðrum greinum þessa kafla settar ýmsar reglur um álagningu, innheimtu og ráðstöfun gjaldsins.

Samkvæmt þessari grein er heimilt að beita ofangreindum heimildum samtímis.

Um 31. gr.

Ákvæði þessarar greinar koma í stað lokamálsgreinar 2. gr. a í l. nr. 95/1981, sbr. l. nr. 45/1981. Skipun nefndarinnar er breytt frá því sem þar er og skal Stéttarsamband bænda tilnefna þrjá fulltrúa, en Búnaðarfélag Íslands einn. Þá er verkefni nefndarinnar nú afmarkað nánar og tekur það skv. frumvarpinu aðeins til þess að úrskurða um rétt einstakra framleiðenda samkvæmt ákvæðum b- og c-liðar 30. gr. og reglugerða, sem settar eru um framkvæmd þeirra. Hér er því fyrst og fremst um að ræða tilvik þar sem árgreiningur rís um útreikninga þess aðila, sem annast framkvæmd umræddra reglna, á rétti einstakra framleiðenda og eftir atvikum óskir um breytingar á slíkum rétti. Það er nýmæli, að unnt sé að skjóta úrskurði nefndarinnar til ráðherra innan tilskilins frests, en aðild að slíkri kærui er bundin við framleiðanda og Framleiðsluráð, en úrskurðir nefndarinnar kunna að hafa

almenna þýðingu vegna stjórnunar búvöruframleiðslunnar og er því eðlilegt að Framleiðsluráð geti skotið úrskudum nefndarinnar til ráðherra. Vegna kærufrestsins er mikilvægt að viðkomandi framleiðandi og Framleiðsluráð fái sem fyrst vitneskju um úrskurð nefndarinnar.

Rétt þykir, að í reglugerð verði sett nánari ákvæði um starf nefndarinnar.

Um 32. gr.

Greinin er samhljóða 4. mgr. b-liðar 2. gr. a laga nr. 95/1981, sbr. lög nr. 45/1981.

Um 33. gr.

Í greininni er fylgt þeirri reglu að tollstjórar annist innheimtu á fóðurgjöldum, en felldur er niður heimild ráðherra til að ákveða aðra innheimtuaðferð, enda verður að telja eðlilegast að þessi gjöld séu innheimt samhliða aðflutningsgjöldum. Þannig er ekki gert ráð fyrir því að innflytjendur fóðurs geti fengið gjaldfrest á greiðslu fóðurgjaldanna umfram það sem ákveðið kann að verða í samræmi við reglur um aðflutningsgjöld skv. 52. gr. l. nr. 59/1969 eða skv. 5. mgr. d-liðar 30. gr. þessa frumvarps. Þá er í greininni gert ráð fyrir að tollstjórar geri reikningsskil á fóðurgjöldum til ríkssjóðs og þaðan verði þeim ráðstafað til endurgreiðslna eða til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins skv. ákvörðun landbúnaðarráðherra.

Í samræmi við þá reglu, að fóðurgjöld skuli innheimt af tollstjórum og þá samhliða aðflutningsgjöldum, er í 2. mgr. tekið fram að þegar ákvæðum þessa frv. og fyrirmæla settum á grundvelli þeirra sleppir, skuli farið eftir ákvæðum nánar tilgreindra laga um tollheimtu varðandi innheimtu fóðurgjalda.

Um 34. gr.

Greinin fjallar um ráðstöfun fóðurgjalda skv. d-lið 30. gr., gjalda þ. e. þess hluta sem ekki er endurgreiddur framleiðendum. Gert er ráð fyrir að þau renni til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins, og að þeim verði varið til eflingar nýrra viðfangsefna í landbúnaði og til breytinga á búskaparháttum á lögbýlum. Tekjur af gjöldunum eiga þannig að verða til þess að skapa viðfangsefni, sem létt geta á þeim greinum, þar sem framleiðsla byggð á notkun innflutts fóðurs er umfram markaðsþarfir.

Um 35. gr.

Ákvæði þessa kafla frv. fela í sér ýmsar heimildir til stjórnunar á búvöruframleiðslunni og takmarkana á frelsi búvöruframleiðenda til að stunda atvinnu sína. Nauðsynlegt er því að slíkar reglur séu glöggar og skýrar og hver framleiðandi eigi kost á að kynna sér þær til að leggja eigið mat á rétt sinn. Í greininni er því tekið fram, að ákvarðanir um beitingu heimilda, sem felast í ákvæðum þessa kafla, skuli teknar með reglugerð og í greininni er settur rammi um, á hvern hátt réttur hvers framleiðanda skuli ákveðinn. Er þar tekið mið af núgildandi lagaákvæðum um kjarnfóðurgjald og reglugerð þar um, að því viðbættu að lagt er til að taka megillit til búrekstraraðstöðu, þegar réttur framleiðenda er ákveðinn. Með búrekstraraðstöðu er hér átt við landrymi og landgæði, húsakost, ræktun, ræktunarmögnleika og aðra aðstöðu viðkomandi til búvöruframleiðslu.

Samkvæmt ákvæðum þessa kafla er það ráðherra sem ákveður, hvort hinum einstöku heimildum skuli beitt og á hvern veg. Í 2. mgr. þessarar greinar er lögboðið, að áður en reglugerðir um beitingu ákvæða þessa kafla eru gefnar út, skuli leitað tillagna nánar tilgreindra aðila. Hér er aðeins um að ræða skyldu til að leyfa þessum aðilum að tjá sig um málið og leggja fram tillögur sínar, en ráðherra er ekki skylt að fara eftir slíkum tillögum. Hér er því einungis um umsagnarrétt að ræða.

VIII. KAFLI

Um aðlögun búvöruframleiðslunnar.

Á s. l. áratug hafa miklar breytingar orðið á erlendum mörkuðum hvað varðar möguleika íslenskra búvara þar. Með framleiðslustjórn í nautgripa- og sauðfjárrækt, sem upp var tekin árið 1979, var fyrsta skref stigið til þess að laga framleiðsluna að breyttum markaðsaðstæðum, jafnframt því sem hafinn var skipulegur stuðningur við ný tækifæri til atvinnu á lögbýlum í stað óumflýjanlegs samdráttar í nefndum búgreinum. Nauðsynlegri aðlögun framleiðslu að markaði er ekki lokið, og í þessum kafla frumvarpsins er sérstaklega um hana fjallað. Gert er ráð fyrir að tekið sé fimm ára tímabil til aðlögunar framleiðslu í nautgripa- og sauðfjárrækt að markaði. Gert er ráð fyrir, að heimild til útflutningsbóta vegna þessara greina verði lækkuð um helming á árabílinu fram til 1988. Á móti þessu komi m. a. stuðningur við ný tækifæri til atvinnu í stað samdráttarins í nautgripa- og sauðfjárrækt. Er hér um ákveðnari stefnumörkun að ræða heldur en áður hefur verið í lögum.

Þess skal getið, að stefnumörkun þessi er efnislega samhljóða tillögum sjömannanefndar er starfaði á vegum landbúnaðarráðherra sl. sumar að mörkun stefnu í framleiðslumálum landbúnaðarins, en í álitni hennar segir m. a.:

„Næstu fimm árin verði aðlögunartími að framleiðslumarkmiðum, enda verði samið um stuðning við nýja atvinnuuppbyggingu til þess að mæta samdrætti í hefðbundinni búvöruframleiðslu og úrvinnslugreinum hennar.“

Um 36. gr.

Greinin skýrir áætlaða breytingu á stuðningi við framleiðslu mjólkur- og sauðfjárafurða.

Gert er ráð fyrir að heimild til þess að greiða bætur útflutnings á þessum afurðum nái fram til ársins 1990. Í samræmi við framleiðslumarkmið 1. gr., b-lið, mun þó áfram þurfa að gera ráð fyrir nokkrum útflutningi mjólkurafurða, þ. e. til þess að hinum innlenda markaði verði tryggðar nægar mjólkurvörur. Sakir þýðingar mjólkurframleiðslunnar fyrir sjálfsbjörg þjóðarinnar verður því áfram að gera ráð fyrir nokkrum kostnaði vegna þessarar umframframleiðslu, þótt stefnt sé að því á næstu árum að laga mjólkurframleiðsluna að þörfum innlenda markaðarins, nema því aðeins að markaðshorfur erlendis vænkist að mun.

Hámark útflutningsbótafjár er í greininni tiltekið fyrir hvert ár sem lakkandi hlutfall af framleiðsluverðmæti ákveðinna búvara, með hliðstæðum hætti og í 12. gr. gildandi laga. Þessar tölur marka því þann ramma, sem ríkisvaldið setur um samninga þess við framleiðendur mjólkur- og sauðfjárafurða., sbr. a-lið 30. gr.

Samkvæmt frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir að breytingar verði á þeim grundvelli, sem við hefur verið miðað við útreikning útflutningsbótaréttar í tíð gildandi lga. Varðandi hlunnindi skal þess sérstaklega getið, þar sem þau eru ekki nánar skilgreind í greininni, að þar er gert ráð fyrir að fylgt verði gildandi útreikningsaðferð. Sú aðferð byggir á áætlun um verðmæti hlunninda frá því að útflutningsbætur voru fyrst teknar upp 1960 og hefur sú upphæð síðan verið framreiknuð í samræmi við meðalhækkun afurðaverðs samkvæmt verðlagsgrundvelli milli ára. Það skal tekið fram að afurðir loðdýraræktar hafa síðustu ár ekki verið teknar með í þennan útreikning og er sú regla óbreytt skv. þessu frv. Þá er ekki gert ráð fyrir að afurðir alifiska séu teknar með við útreikning útflutningsbóta, gagnstætt tekjum af veiddum vatnafiski og veiðileyfum.

Um 37. gr.

Í greininni er kveðið á um stuðning ríkisvaldsins við þá framleiðslubreytingu, sem nauðsynleg er vegna þeirrar stefnu, er frumvarpið markar í framleiðslumálum mjólkur— og

sauðfjárafurða á næstu fimm árum. Árlegar fjárupphæðir í þessu skyni eru ákveðnar með hliðstæðum hætti og í fyrri grein, þ. e. sem hlutfall af framleiðsluverðmæti ákveðinna búvara. Gert er ráð fyrir að fjármagninu verði beint í Framleiðnisjóð landbúnaðarins, er úthluti því í samræmi við ákvæði reglugerðar, sem ráðherra setur þar um.

Fjármagnið er hugsað til þess að efla nýjar búgreinar, er skapað geti störf í stað þeirra, sem hverfa við samdrátt í hinum hefðbundnu greinum, eða hafa horfið við framleiðslusamdrátt sl. 6 ár.

Þá er einnig gert ráð fyrir að fjármagninu verði að hluta varið til markaðsöflunar fyrir búvörur erlendis, og að gert verði sérstakt átak í þeim efnum á umræddu tímabili. Í þriðja lagi er lagt til að verja megi hluta þessa fjármagns til fjárhagslegrar endurskipulagningar búreksturs á lögbýlum. Vitað er að framleiðslubreytingin hefur þegar valdið mörgum bændum, einkum frumbýlingum og öðrum þeim, sem staðið hafa í fjárfestingum, fjárhagserfiðleikum. Þótt sköpuð verði ný tækifæri til atvinnu í landbúnaði, er engu að síður nauðsynlegt að veita þessum aðilum nokkurn stuðning við það að laga sig að hinum nýju framleiðsluáðstæðum.

Um 38. gr.

Í greininni er kveðið á um að ákvæði þessa kafla verði tekin til endurskoðunar, er fjögur ár verða liðin af fimm ára aðlögunartímabili. Með því gefst kostur á að meta, hvernig aðlögunin hefur tekist, og að taka á ný afstöðu til áframhaldandi aðgerða. Fari endurskoðun ekki fram, falla ákvæði kafla þessa niður með árinu 1990.

IX. KAFLI

Um vinnslu og sölu búvara.

Kaflinn er endursaminn að nær öllu leyti. Kemur hann í stað 14.—39. gr. gildandi laga, og hafa fjölmörg atriði verið felld niður, en önnur sniðin að aðstæðum, sem nú eru gjörbreyttar margar hverjar frá þeim er ríktu, þá gildandi ákvæði voru lögfest. Breytingarnar miða að einföldun lagaákvæða varðandi vinnslu og sölu búvara, og eru miðaðar við þá áherslubreytingu á hlutverki Framleiðsluráðs, sem frumvarpið gerir ráð fyrir.

Um 39. gr.

Greinin er hliðstæð 6. gr. frumvarpsins, og kveður á um það hlutverk Framleiðsluráðs sem samstarfsvettvangs allra búvöruframleiðenda, að stuðla að fjölbreytni framboðs búvara og hagkvæmari búvöruframleiðslu í samræmi við sett framleiðslumarkmið.

Um 40. gr.

Samkvæmt l. 95/1981 úthlutar Framleiðsluráð landbúnaðarins sláturleyfum, auk þess sem landbúnaðarráðherra veitir sláturleyfi á grundvelli laga nr. 30/1966 um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum. Þá er Framleiðsluráði ætlað að hafa frumkvæði og íhlutunarrétt um byggingu mjólkurstöðva. Í frumvarpinu er lagt til að þessi ákvæði verði felld úr lögum, en þess í stað er Framleiðsluráði ætlað að vera umsagnaraðili um skipulag og verkaskiptingu afurðastöðva fyrir búvörur. Áfram verður það hlutverk heilbrigðisyfirvalda, þ. m. t. landbúnaðarráðherra, að taka ákvarðanir um gerð, búnað og vinnsluleyfi slíkra afurðastöðva á grundvelli lagareglna þar um, en eigendur afurðastöðva og lánastofnanir verða að öðru leyti að bera ábyrgð á uppbyggingu og rekstri þessara fyrirtækja.

Með tilliti til þess hlutverks Framleiðsluráðs skv. þessu frumvarpi, að vera samstarfsvettvangur allra búvöruframleiðenda, er í 2. mgr. þessarar greinar lögð sú skylda á opinberar lánastofnanir að leita umsagnar Framleiðsluráðs áður en teknar eru ákvarðanir um veitingu lána til að reisa eða endurbyggja afurðastöð fyrir búvörur. Slíkar ákvarðanir kunna

að hafa verulega þýðingu fyrir framleiðendur og skipulagningu búvöruframleiðslunnar í landinu, og er því eðlilegt að Framleiðsluráð fái tækifæri til að tjá sig um ákvarðanir, sem hér er fjallað um. Með opinberri lánastofnun er hér átt við banka og sjóði, sem reknir eru á ábyrgð ríkisins, með fjárframlögum ríkisins eða með lögheimiludum gjöldum frá atvinnuveginum og lúta stjórn sem Alþingi kýs eða stjórnvöld skipa.

Í 1. mgr. kemur fram stefnuýfirlýsing, á hvern veg haga skuli byggingu og staðsetningu afurðastöðva í landbúnaði.

Um 41. gr.

1. mgr. greinarinnar er í samræmi við þá reglu, sem nú er í 3. mgr. 3. gr. 1. 95/1981 um útflutning búvara. Í 2. mgr. er nýmæli, en Framleiðsluráði er skv. gildandi lögum aðeins ætlaður umsagnarréttur um innflutning landbúnaðarvara og tekið fram, að þess skuli jafnan gætt að innflutningur á landbúnaðarvörum fari því aðeins fram að innlend framleiðsla fullnægi ekki neysluþörfinni. Hér er hins vegar sett sú regla, að innflutningur landbúnaðarvara skuli því aðeins leyfður að Framleiðsluráð staðfesti að innlend framleiðsla fullnægi ekki neysluþörfinni vegna viðkomandi landbúnaðarvöru. Framleiðsluráði er því veittur réttur til að stöðva innflutning þeirra landbúnaðarvara, sem bannað er að flytja inn skv. öðrum lögum, nema að fengnu leyfi einhverra opinberra aðila.

Samkvæmt gildandi lagareglum um innflutning landbúnaðarvara er í ýmsum tilvikum bannað að flytja til landsins landbúnaðarvörur vegna sjúkdómavarna og af heilbrigðisástæðum, og má þar sem dæmi nefna ákvæði laga nr. 11/1928 um varnir gegn því að gin- og klaufaveiki og aðrir alidýrasjúkdómar berist til landsins, og 79. gr. laga nr. 76/1976 um lax- og silungsveiði.

Ákvæðum þessarar greinar er ekki ætlað að fjölga eða fækka þeim vörutegundum, sem bannað er að flytja til landsins án sérstaks leyfis, heldur tekur regla 2. mgr. 41. gr. aðeins til þeirra landbúnaðarvara, sem skv. öðrum lögum, þ. e. oftast vegna heilbrigðisástæðna, er bannað að flytja til landsins án leyfis. Þessi regla kemur til viðbótar slíkum ákvæðum. Það ræðst því af skýringu á þeim lagaákvæðum, hvað af búvörum skv. þessu frv. falla undir hugtakið landbúnaðarvara í greininni.

Þeim aðilum, sem fengið er vald til að leyfa innflutning landbúnaðarvara skv. öðrum lagaheimildum, er hins vegar skylt að leita umsagnar Framleiðsluráðs og er þá slíkur innflutningur óheimill, ef Framleiðsluráð staðfestir að innlend framleiðsla fullnægi neysluþörfinni, þó viðkomandi heilbrigðisyfirvöld veiti leyfi sitt til innflutningsins.

Um 42. gr.

Greinin er að hluta efnis sambærileg við 34. gr. gildandi laga. Tillögugreinin byggist að öðru leyti á álitni nefndar, sem landbúnaðarráðherra skipaði á sl. vori, til þess að fjalla um innflutning grænmetis, sem og tillögum stjórnar garðyrkjubænda um innflutningsskipanina.

Gert er ráð fyrir að nefnd sé ráðherra til ráðuneytis um það, hvort og hvenær innflutnings hinna tilteknu búvara skv. þessari grein sé þörf. Við það mat er nefndinni nauðsynlegt að taka m. a. tillit til birgða sem fyrir eru í landinu af þessum búvörum, svo og þess að hin innlenda framleiðsla hafi forgang að markaðinum.

Þar sem innlend framleiðsla umræddra búvara er bundin við ákveðinn tíma ársins, gerir greinin ráð fyrir að ráðherra geti heimilað að innflutningur tiltekinna vara sé undanþeginn leyfisveitingu, skv. þessari grein, ákveðinn tíma ársins, t. d. þann tíma sem innlend framleiðsla er ekki á markaði.

Um 43. gr.

Í 1. 95/1981 eru ýmsar heimildir varðandi mat og flokkun einstakra búvara og má þar nefna ákvæði 4. tl. 3. mgr. 21. gr. um hrossakjöt og 2. tl. 39. gr. um garðávexti. Þá hafa verið sett sérstök lög um mat og flokkun tiltekinna búvara og má þar nefna lög nr. 30/1966 um

meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum, lög nr. 21/1976 um flokkun og mat ullar, lög nr. 22/1976 um flokkun og mat á gærum og lög nr. 39/1970 um gæðamat á æðardún. Í lögum hefur hins vegar skort fullnægjandi lagaheimildir til að viðhafa mat og gæðaflokkun á vissum tegundum búvara og eru það einkum egg og hluti mjólkurvara.

Þau lagaákvæði sem hér hafa verið nefnd að framan og þeim ákvæðum, sem lagt er til að sett verði með þessari grein, er ekki ætlað að raska reglum um heilbrigðiseftirlit og heilbrigðisskoðun, sem settar eru á grundvelli laga nr. 50/1981 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og laga nr. 24/1936 um eftirlit með matvælum og öðrum neyslu- og nauðsynjavörum.

Reglur þessarar greinar heimila aðeins flokkun búvara eftir mismunandi tegundum og gæðum, enda séu þær vörur söluhæfar skv. reglum um heilbrigði og hollustuhætti þessara vara. Nánari reglur um slíka flokkun, og þá mismunandi gæðaflokkun, verður að setja í reglugerð í hverju tilviki.

Hér er valinn sá kostur að setja almenn ákvæði um framkvæmd mats á þeim búvörum, sem tilteknar eru í greininni. Með tilliti til hinna sundurleitu ákvæða, sem nú gilda um mat á búvörum og þess starfsmannahalds og skipulags, sem viðhaft er við þetta verk, er það skoðun höfunda þessa lagafrumvarps að taka beri allar lagareglur um mat og flokkun búvara eftir tegundum og gæðum til heildarendurskoðunar og koma þar á frekara samræmi og hugsanlegri samnýtingu þess mannafla, sem vinnur að þessum verkefnum, með það í huga að bæta enn gæði búvara með hagsmuni framleiðenda og neytenda í huga. Ákvæði þessarar greinar eru því hugsuð til bráðabirgða, þar til slík endurskoðun hefur farið fram.

Mat og flokkun skv. þessari grein getur tekið til mjólkur, mjólkurvara, eggja, garðávaxta og grænmetis. Nýmæli er að slík ákvæði taki til mjólkurvara, þ. e. vinnsluvara sem unnar eru úr nýmjólk, t. d. smjörs og osta, og eggja. Telja verður hins vegar rétt að opinber yfirvöld geti sett reglur um mat þessara vörutegunda með sama hætti og annarra búvara vegna hagsmuna framleiðenda og neytenda.

Gerð er tillaga um að settar verði lagaheimildir til innheimtu á sérstöku matsgjaldi til að standa straum af kostnaði við matið. Gjald sem þetta hefur á liðnum árum verið innheimt, t. d. af kartöflum, og hafa framleiðendur greitt það, en telja verður gjald þetta einn lið í framleiðslukostnaði vörunnar við verðlagningu. Það skal tekið fram að tekjum af gjaldi þessu er ekki ætlað að stunda straum af kostnaði afurðastöðva og söluaðila við aðstöðu og framkvæmd mats og flokkunar, sbr. 4. og 6. mgr. greinarinnar.

Í greininni er ekki lagt til að bundið verði með lögum hvernig háttáð sé yfirstjórn mats á þeim búvörum, sem greinin tekur til, t. d. með skipun yfirmatsmanna eða matsformanna. Það er því lagt í vald ráðherra, hvernig þessari yfirstjórn verður hagað og ber að leggja áherslu á að horfið verði að frekara samræmi í skipulagi mats og flokkunar búvara en nú er. Á sama hátt er ráðherra eftir atvikum heimilað að velja þann kost að skylda afurðastöð og söluaðila til að hafa í þjónustu sinni matsmenn til að framkvæma mat og flokkun þessara búvara. Er þetta í samræmi við þá aðferð, sem viðhöfð hefur verið við framkvæmd mats á ýmsum vörutegundum.

Í lokamálsgrein greinarinnar kemur fram sá tilgangur mats og flokkunar búvara, að hún skuli lögð til grundvallar við verðlagningu þessara vara. Í greininni er lögð sú skylda á verðlagsyfirköld, hvort sem þau starfa skv. þessu frv. eða l. 56/1976, og aðra aðila, sem ákveða verð á búvörum, þ. m. t. þegar verðlagning er frjáls, að haga verðlagningu í samræmi við mismunandi tegunda- og gæðaflokkun, sem ákveðin er skv. þessari grein eða öðrum lögum og reglum um sama efni. Er hér fylgt þeirri reglu, sem nú er í 3. mgr. 24. gr. l. 95/1981 varðandi greiðslu afurðaverðs til mjólkurframleiðenda, en reglan er gerð víðtækari og tekur nú til allra þeirra búvara, sem teknar eru til mats og flokkunar og hvort sem um er að ræða verð til framleiðenda eða verð í heildsölu og smásölu.

Um 44. gr.

Í gildandi lögum er gert ráð fyrir að Framleiðsluráð veiti leyfi til heildsöluverslunar með kinda-, nautgripa- og hrossakjöt, svo og mjólk og mjólkurafurðir, garðávexti, gróðurhúsaframleiðslu og egg. Með frumvarpinu eru þessi ákvæði felld niður, en í stað þess tekin upp almenn skilyrði, er varða aðstöðu til meðferðar búvara, flutnings og geymslu þeirra skv. lögum og öðrum ákvörðunum, svo sem varðandi hollutuhætti og heilbrigðiseftirlit.

Tekið er fram í greininni að ákvæði þessi skuli einnig ná til þeirra, er selja eigin búvöruframleiðslu beint til smásöluverslunar eða neytenda.

Meðal þeirra atriða, sem heildsöluaðilar búvara verða að uppfylla er, að þeir hafi verslunarleyfi skv. lögum nr. 41/1968 um verslunaratvinnu, en slíkt leyfi er ekki skilyrði þegar framleiðandi selur eigin framleiðslu til verslana eða neytenda, þar sem í 2. tl. 2. gr. 1. 41/1968 er tekið fram, að þau lög taki ekki til sölu á búsafurðum, sem maður hefur aflað sjálfur eða skyldulið hans.

Um 45. gr.

Greinarnar eiga sér efnislega hliðstæður í V. kafla gildandi laga. Í fyrri málsgrein 45. gr. er ráðherra veitt heimild til þess að ákveða mjólkursölusvæði, að fengnum tillögum Framleiðsluráðs og samtaka afurðastöðva mjólkuriðnaðarins. Skv. gildandi lögum skal Framleiðsluráð ákveða svæðin, sbr. 1. mgr. 22. gr. þeirra. Ákvörðun um sölusvæðaskiptingu skv. tillögugreininni felur í sér afmörkun starfssvæða afurðastöðva mjólkuriðnaðarins.

Sölusvæðaskipting er skv. frumvarpi þessu aðeins bundin við mjólkurframleiðsluna, en í reynd hefur sú skipan einnig gilt skv. gildandi lögum, þótt í þeim séu einnig heimildir til mörkunar sölusvæða fyrir aðrar búvörur, t. d. hrossakjöt, matjurtir og gróðurhúsaframleiðslu. Vegna sérstakrar þýðingar mjólkur og mjólkurafurða, þótti rétt að halda í heimild til mörkunar sölusvæða vegna þeirra, m. a. til þess að tryggja neytendum eftir föngum aðgang að þessum vörum, hvar sem er á landinu.

Síðari málsgreinin er nýmæli í lögum, en skv. henni er afurðastöð innan sölusvæðis skylt að taka við mjólk frá framleiðendum innan sölusvæðisins. Framleiðendum er hins vegar frjálst hvort þeir leggja mjólk sína inn hjá afurðastöð innan sölusvæðis síns eða selja hana afurðastöð utan þess sölusvæðis, sem þeir eru búsettir á.

Um 46. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 2. mgr. 27. gr. gildandi laga með þeirri breytingu að nefnd fulltrúa framleiðenda og afurðastöðva í mjólkuriðnaði, undir forsæti fulltrúa er landbúnaðarráðherra tilnefni, sker úr ágreiningi. Skv. gildandi lögum skal Framleiðsluráð annast úrlausn umræddra deilna.

Um 47. gr.

Greinin fjallar um félagsskipan mjólkurframleiðenda innan mjólkursölusvæðis og kemur í stað 23. gr. gildandi laga.

Um 48. gr.

Greinin fjallar um skyldu Framleiðsluráðs og samtaka afurðastöðva í mjólkuriðnaði að gera samkomulag um verkaskiptingu á milli afurðastöðvanna, þ. e. mjólkursamlaganna. Stöðvar þessar eru dreifðar um landið, liggja misjafnlega að markaði og framleiðsluvörur þeirra margskonar. Talið er ótvírætt hagræði af því bæði fyrir framleiðendur og neytendur að haft sé skipulag á þessum málum, t. a. m. varðandi sérhæfingu mjólkurbúanna í framleiðslu einstakra vara. Ætlast er til þess að tillit sé tekið til samkomulagsins þegar gerðar eru tillögur um verðmiðlunargjöld, sbr. 19. gr.

Í greininni eru ákvæði um hvernig málum skuli hagað, rísi ágreiningur við gerð samkomulagsins. Ákvæði þessarar greinar eru nýmæli í lögum.

Um 49. gr.

Greinin er að meginhluta samhljóða 1. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 28. gr. gildandi laga. Nægi sú framleiðsla ekki sem mjólkurbú fær til innleggs frá framleiðendum innan sölusvæðis, er sú kvöð lögð á viðkomandi mjólkurbú að afla nauðsynlegra mjólkurvara með kaupum á þeim utan sölusvæðisins.

Um 50. gr.

Greinin er samhljóða 3. mgr. 25. gr. gildandi laga með þeirri breytingu, að í stað orðanna „verðákvörðunum sexmannanefndar“ koma orðin „opinberum verðákvörðunum“.

Um 51. gr.

Greinin á sér hliðstæðu í 4. mgr. 14. gr. gildandi laga. Hún miðar að því að tryggja nauðsynlegt skipulag á slátrun og verkun sauðfjár- og nautgripaafurða. Á slíku skipulagi er þörf vegna mismunandi krafa erlendra markaða til búnaðar slátruhúsanna og til verkunar kjötsins. Tiltölulega fá slátruhús uppfylla kröfur vegna þessa útflutnings, og því er það t. d. aðeins hluti dilkakjötsframleiðslunnar, sem hentar til útflutnings. Í hagræðingarskygni hefur því gilt verkaskipting á milli slátrurleyfishafa í þessu skygni, sem Framleiðsluráð landbúnaðarins hefur hlutast til um. Hefur sú verkaskipting svarað fjárfestingu í byggingu slátruhúsa. Hér er lagt til, að Framleiðsluráð og slátrurleyfishafar geri samkomulag um þessa verkaskiptingu, sem og skipulag kindakjötssölnunnar innanlands miðað við heimilaða framleiðslu skv. 30. gr. frv.

Í greininni eru ákvæði um það, hvernig málum skuli hagað, rísi ágreiningur við gerð samkomulagsins. Ákvæði þessarar greinar eru í mörgu hliðstæð ákvæðum 48. gr. varðandi skipulag mjólkurvinnslunnar, og eru þau nýmæli í lögum.

Um 52. gr.

Samkvæmt frv. er gert ráð fyrir að veigamiklar breytingar verði á lagareglum um verslun með kartöflur og grænmeti. Þannig eru felld úr lögum ákvæði um að Framleiðsluráð landbúnaðarins hafi á hendi yfirstjórn sölumála matjurta- og gróðurhúsaframleiðslu landsins, og ekki þarf lengur leyfi ráðsins til að versla með þessar vörur í heildsölu. Lagt er til að rekstri Grænmetisverslunar landbúnaðarins verði hætt, en fyrirtækið hefur frá 1956 verið rekið undir yfirstjórn Framleiðsluráðs. Breytt er reglum um innflutning á kartöflum og nýju grænmeti og felld er niður heimild fyrir Framleiðsluráð til að viðurkenna Sölufélag garðyrkjumanna sem sölufélag ylræktarbænda, þannig að öðrum sé þá óheimilt af afhenda þessar vörur til smásöluverslana, nema með leyfi Framleiðsluráðs. Um verkefni Framleiðsluráðs, að því er lýtur sölu matjurta og gróðurhúsaframleiðslu og rekstur Grænmetisverslunar landbúnaðarins, er nú fjallað í VI. kafla l. nr. 95/1981 og reglugerð nr. 473/1982.

Með þessu frv. er lagt til að það verði í hverju tilviki framleiðenda kartaflna, grænmetis og gróðurhúsaframleiðslu sjálfra að ákveða og skipuleggja með hvaða hætti þeir koma framleiðsluvörum sínum á markað. Í tilteknum greinum hafa þessir framleiðendur myndað með sér sölusamtök til að koma framleiðsluvörum sínum á markað og má þar nefna sem dæmi Sölufélag garðyrkjumanna og sölusamtök blómaframleiðenda. Þá hefur Landssamband kartöflubænda óskað eftir að yfirtaka stjórn og rekstur Grænmetisverslunar landbúnaðarins og eru heimildir til þess opnaðar í 2. og 3. mgr. greinarinnar.

Grænmetisverslun landbúnaðarins var stofnuð með lögum nr. 40/1957 um breytingar á þágildandi framleiðsluráðslögum nr. 95/1947, en allt frá árinu 1936 hafði Grænmetisverslun ríkisins annast innflutning og verslun með kartöflur og aðra garðávexti. Með lögum nr. 40/

1956 fékk ríkisstjórnin einkarétt til að flytja til landsins kartöflur og nýtt grænmeti, en í 4. gr. þessara laga var fjallað um Grænmetisverslun landbúnaðarins og segir þar m. a.:

„b. (30. gr.) Undir starfssvið framleiðsluráðs fellur frá 1. september 1956 öll sú starfsemi, sem Grænmetisverslun ríkisins hefur nú með höndum varðandi ræktun og sölu íslenskra matjurta. Skal sú stofnun, er upp frá því annast verslun með kartöflur og annast grænmeti í umboði framleiðsluráðs, heita Grænmetisverslun landbúnaðarins.

c. (31. gr.) Ríkisstjórninni er heimilt að selja eða leigja eftir mati dómkvaddra manna Grænmetisverslun landbúnaðarins fasteignir Grænmetisverslunar ríkisins eins og þær verða, er lög þessi koma til framkvæmda.“

Þá var í i-lið 4. gr. laganna heimild fyrir landbúnaðarráðherra að setja reglugerð um framkvæmd ákvæða þessa kafla laganna og þá m. a. um starfsemi Grænmetisverslunar landbúnaðarins. Slík reglugerð var fyrst sett 19. júlí 1956, nr. 96, og voru þar m. a. ákvæði um heimild Framleiðsluráðs til að fela sérstakri stjórn rekstur verslunarinnar, og skipun tveggja endurskoðenda, þar sem annar er tilnefndur af Framleiðsluráði en hinn af landbúnaðarráðherra. Þá var í 24. gr. reglugerðarinnar svohljóðandi ákvæði: „Hagnaði þeim, sem verða kann af rekstri Grænmetisverslunar landbúnaðarins, skal verja til tryggingar rekstri stofnunarinnar og til eflingar matjurtaræktinni í landinu samkvæmt nánari ákvörðun landbúnaðarráðherra, að fengnum tillögum Framleiðsluráðs landbúnaðarins.“ Samhljóða ákvæði er nú í reglugerð nr. 473/1982 um Grænmetisverslun landbúnaðarins o. fl.

Í samræmi við ákvæði laga nr. 45/1956 keypti Grænmetisverslun landbúnaðarins ýmsa lausafjármuni, sem áður höfðu verið í eigu Grænmetisverslunar ríkisins og jafnframt tók fyrirtækið á leigu húsnæði forvera síns á horni Sölvhólgötu og Ingólfsstrætis af landbúnaðarráðuneytinu. Var Grænmetisverslun landbúnaðarins starfrækt í þessu húsnæði til ársins 1967, er hún flutti í eigið húsnæði í Síðumúla 34, Reykjavík. Húsaleiga fyrir húsnæðið skyldi ákveðin með mati. Grænmetisverslunin óskaði hins vegar eftir því strax á árinu 1957, að mega ráðstafa húsaleigunni í sérstakan sjóð, til að standa straum af kostnaði við ýmis verkefni til eflingar grænmetisræktuninni í landinu, þ. á m. lögboðnum verkefnum Framleiðsluráðs og verslunarinnar á þessu sviði. Í fjárlögum ársins 1958 var samþykkt að leyfa Grænmetisverslun landbúnaðarins að ráðstafa, til að efla grænmetisræktun í landinu, helmingi þeirrar fjárhæðar, sem versluninni bæri að greiða í leigu eftir hús Grænmetisverslunar ríkisins. Hinn helmingur leigunnar skyldi hins vegar greiddur í ríkissjóð. Mun þessi skipun hafa haldist allan þann tíma, sem Grænmetisverslun landbúnaðarins hafði húsnæðið á leigu.

Við stofnun Grænmetisverslunar landbúnaðarins samþykktu landbúnaðarráðherra og fjármálaráðherra þá ósk Framleiðsluráðs landbúnaðarins, að sú fjárhæð sem ríkissjóður fengi í sjóðum frá Grænmetisverslun ríkisins yrði fyrst um sinn lögð inn á sérstakan bankareikning, til að vera trygging vegna rekstrarláns, sem Grænmetisverslun landbúnaðarins fékk hjá viðkomandi banka. Sjóðir Grænmetisverslunar ríkis voru þannig nýttir til tryggingar á upphaflegu rekstrar- og stofnfé Grænmetisverslunar landbúnaðarins.

Grænmetisverslun landbúnaðarins hefur frá því að hún hóf starfsemi sína notið skattfrelsisins, en á árinu 1958 fóru fram bréfaskipti milli skattstjórans í Reykjavík og Grænmetisverslunar landbúnaðarins um framtals- og skattskyldu verslunarinnar og kom þá fram það álit lögfræðings, sem kannaði málið fyrir verslunina, að Grænmetisverslun landbúnaðarins væri hreint ríkisfyrirtæki og nyti því skattfrelsis og væri eigi framtalsskylt. Í framkvæmd hefur þessari niðurstöðu verið fylgt og Grænmetisverslun landbúnaðarins notið skattfrelsis samkvæmt þeirri reglu, að þar sé um að ræða ríkisfyrirtæki, sem ríkissjóður reki og beri ótakmarkaða ábyrgð á, sbr. 4. gr. 1. nr. 75/1981 um tekju- og eignarskatt og 1. tl. 36.

gr. 1. nr. 73/1980 um tekjustofna sveitarfélaga. Þó ríkissjóður reki ekki Grænmetisverslun landbúnaðarins, verður að telja að með lögum hafi Framleiðsluráði landbúnaðarins verið falið að reka verslunina fyrir hönd ríkisins og ríkissjóður beri því ábyrgð á versluninni komist hún í greiðslubrot.

Þá ber að hafa í huga, að til Grænmetisverslunar landbúnaðarins var stofnað með lögum og málefnum hennar er skipað með lögum. Sama gildir um tilvist yfirstjórnar fyrirtækisins, Framleiðsluráðs landbúnaðarins. Löggjafinn hefur einnig skapað fyrirtækinu skilyrði til fjármagns- og eignamyndunar.

Með hliðsjón af framansögðu verður að telja að löggjafarvaldið hafi fulla heimild til að breyta reglum um Grænmetisverslun landbúnaðarins að vild og þ. m. t. að leggja það niður. Á sama hátt verður að telja að eignir verslunarinnar, jafnt fasteignir sem lausafé, renni til ríkissjóðs, verði verslunin lögð niður, nema löggjafarvaldið ákveði að ráðstafa þessum eignum eða tekjum, sem fást við sölu þeirra, með sérstökum hætti. Til sölu á fasteignum Grænmetisverslunar landbúnaðarins þarf sérstaka lagaheimild.

Í samræmi við þessar niðurstöður og það sem áður sagði um stefnumið frumvarpsins, er í 51. gr. þess ákveðið að opinberir aðilar skuli hætta rekstri Grænmetisverslunar landbúnaðarins og skal það gert eigi síðar en 1. júní 1986. Jafnframt er talið eðlilegt að gefa samtökum framleiðenda kartafna og grænmetis eða hlutafélagi í eigu þessara aðila kost á að yfirtaka rekstur fyrirtækisins fyrr. Það skal tekið fram, að slík yfirtaka hindrar ekki að hið nýja fyrirtæki beri nafnið Grænmetisverslun landbúnaðarins, ef nýir eigendur óska. Slík yfirtaka getur skv. frv. átt sér stað fyrir 1. júní 1986, en hafi ekki nást samkomulag skv. 2. mgr. greinarinnar fyrir þann tíma, verður starfsemi Grænmetisverslunar landbúnaðarins hætt þá.

Í 3. mgr. er landbúnaðarráðherra veitt heimild til að selja áður nefndum samtökum framleiðenda eignir Grænmetisverslunar landbúnaðarins, aðrar en fasteignir. Eru þarna hafðir í huga lausafjármunir verslunarinnar, s. s. bifreiðar, pökkunarvélar og skrifstofu-áhöld. Ekki er hins vegar talið eðlilegt á þessu stigi að heimila sölu á fasteignum Grænmetisverslunar landbúnaðarins, en þær eru húseignin Síðumúli 34 og jarðhúsin Ártúnshöfða, og er því tekið fram, að landbúnaðarráðherra hafi heimild til að leigja fasteignirnar til reksturs dreifingar- og sölufyrirtækis með kartöflum og grænmeti. Ástæða þess að hér er sett ákvæði um leigu þessara fasteigna er sú, að telja verður rétt að landbúnaðarráðherra hafi með höndum ráðstöfun þessara eigna til nefndra aðila, sem annars félli undir fjármálaráðuneytið skv. reglum um verkaskiptingu milli ráðuneyta. Í greininni er ekki ákvæði um að ákveða megi söluverð eða leigu með mati, en það útilokar ekki að aðilar geti samið um að þessar greiðslur skuli ákveðnar með mati.

Vegna þessara ákvæða er þess að geta, að núverandi eignir Grænmetisverslunar landbúnaðarins eru til orðnar vegna arðs, sem orðið hefur af starfsemi verslunarinnar á liðnum árum við sölu á innlendum og innfluttum kartöflum og grænmeti. Hér hafa því bæði neytendur og framleiðendur lagt í sjóð. Hins vegar er skylt að taka fram, að kartöfluframleiðendur lögðu á árinu 1958 og 1959 sérstakt gjald á allar kartöflur, sem fóru til sölumæðferðar hjá Grænmetisverslun landbúnaðarins og voru tekjur af gjaldi þessu lánaðar Grænmetisversluninni vegna byggingar húsnæðis verslunarinnar við Síðumúla. Þessi lán voru síðar endurgreidd framleiðendum með vöxtum.

Með tilliti til þess á hvern veg eignir Grænmetisverslunar landbúnaðarins eru orðnar til, verður að leggja áherslu á, að þessar eignir verði áfram nýttar til dreifingar og sölu á kartöflum og grænmeti, þannig að breytt skipulag þessara mála leiði ekki til hækkunar á verði þessara vörutegunda vegna yfirtöku á eignum Grænmetisverslunarinnar eða uppbyggingar á nýrri aðstöðu í stað núverandi aðstöðu hjá Grænmetisversluninni. Hér er því ekki lagt til að samtök framleiðenda kartafna og grænmetis kaupi fasteignir verslunarinnar, heldur er eðlilegt að gefa þessum samtökum kost á að nýta núverandi aðstöðu til dreifingar

og sölu á þessum vörum meðan hún er talin henta til slíks, gegn greiðslu sanngjarns leigugjalds, en ný aðstaða, sem þá tekur mið af breyttum þörfum og tækni, verði byggð upp á vegum samtakanna.

Grænmetisverslun landbúnaðarins og áður Grænmetisverslun ríkisins hafa jafnan unnið að ýmsum umbótum í þágu garðávaxtaframleiðslunnar og meðal þeirra verkefna hefur verið stofnræktun kartaflna. Með tilliti til þess, sem hér hefur áður verið sagt um tilurð eigna Grænmetisverslunar landbúnaðarins, er lagt til að söluandvirði lausafjár og leigutekjur af fasteignum Grænmetisverslunarinnar, ef og meðan þær eru leigðar samtökum framleiðenda skv. 3. mgr., ásamt sjóðum verslunarinnar við starfslok, renni í sérstakan sjóð, er hefur nánar tilgreint verkefni skv. greininni. Rétt þykir að stjórn Framleiðnisjóðs landbúnaðarins annist úthlutanir úr sjóðnum í samræmi við nánari reglur, sem ráðherra setur í reglugerð.

Það skal tekið fram, að hér er við það miðað að til sölu á núverandi fasteignum Grænmetisverslunar landbúnaðarins þurfi síðar sérstaka lagaheimild frá Alþingi og söluandvirði þessara eigna renni í ríkissjóð, nema Alþingi ráðstafi andvirðinu með sérstökum hætti.

Starfsmenn Grænmetisverslunar landbúnaðarins eru nú 50 og þar af tekur 21 laun skv. kjarasamningum opinberra starfsmanna og njóta lögkjara sem slíkir. Samkv. greininni skulu fastráðnum starfsmönnum boðin sambærileg störf hjá hinu nýja fyrirtæki og þá er eðlilegt að jafnframt falli niður réttur til launa vegna niðurfellingar starfa skv. 14. gr. l. 38/1954. Verði rekstri Grænmetisverslunarinnar ekki yfirtekinn af aðila skv. 3. mgr. greinarinnar gilda ákv. 14. gr. l. 38/1954 um réttindi þeirra starfsmanna, sem njóta lögkjara, sem opinberir starfsmenn.

Um 53. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru sett til hagræðis við öflun upplýsinga um rekstur afurðastöðva, sem eiga að vera gundvöllur ákvarðana um heilsöluverð búvara og verðmiðlun. Heimildir þessarar greinar takmarkast þó á hverjum tíma af ákvæðum laga um bókhald, hlutafélög, skattheimtu o. fl., en kunna í ýmsum tilvikum að gera kröfu til viðbótarupplýsinga á reikningum afurðastöðva.

X. KAFLI

Í kafla þessum eru dregin saman ýmis ákvæði er lúta að framkvæmd laganna og flest eiga þessi ákvæði hliðstæður í gildandi lögum.

Um 54. gr.

Greinin er samhljóða 1. og 2. mgr. 3. gr. núgildandi laga.

Um 55. gr.

Greinin er samhljóða 13. gr. gildandi laga nema hvað felld er niður skylda Framleiðsluráðs til að afla tiltekinna gagna á sinn kostnað, en telja verður eðlilegt að slíkur kostnaður sé greiddur með sama hætti og annar kostnaður við starf fimmmannefndar.

Um 56. gr.

Grein þessi er hliðstæð 2. mgr. 20. gr. l. 95/1981, nema hvað felld er niður, að þessari heimild skuli beitt að fenginni tillögu Framleiðsluráðs, enda hefur ákvæði þessu þegar verið beitt. Ástæða þess að þetta ákvæði er inn í framleiðsluráðslögunum en ekki í lögum nr. 30/1966 um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum er sú, að skv. 1. gr. þeirra laga er ótvírætt, að alifuglar eru sláturfénaður í merkingu þeirra laga, en skv. beinni upptalningu í 2. gr. falla alifuglar ekki undir þann sláturfénað, sem sláttra skal í löggiltum sláturhúsum. Ekki þykir hins vegar ástæða til annars en að sömu reglur gildi um slátrun þessara gripa, og því er þessari heimild haldið í lögum.

Um 57. gr.

Greinin er samhljóða 2. mgr. b-liðar 2. gr. a. í nógildandi lögum, sbr. l. 45/1981, en þessari grein er ætlað að auðvelda öflun upplýsinga við framkvæmd laganna, sérstaklega framkvæmd stjórnunaraðgerða og innheimtu lögboðinna gjalda sem Framleiðsluráð annast.

Síðari málsgreinin hefur að geyma sama efni og nú er í 5. mgr. b-liðar 2. gr. a. í nógildandi lögum, sbr. l. 45/1981.

Um 58. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 59. gr.

Refsiákvæðum laganna er hér hagað á sama hátt og gert er í nógildandi lögum, sbr. 46. gr. þeirra, með þeirri breytingu sem gerð var á greininni með 26. gr. laga nr. 75/1982, nema hvað mörk dagsekta eru hér hækkuð og ákveðið að um beitingu þeirra skuli sett nánari ákvæði í reglugerð.

Um 60. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Þar sem lög þessi fella niður og breyta ýmsum efnisreglum nógildandi laga, er nauðsynlegt að setja í ný lög um sama efni ákvæði um, hvernig fara skuli með nokkur tilgreind atriði. Að öðru leyti fer um gildistöku laganna og gildi þeirra fyrir mæla, sem sett hafa verið með heimild í nógildandi lögum, eftir almennum reglum.

Um A.

Með frv. þessu er lagt til að felld verði úr lögum ákvæði um yfirstjórn Framleiðsluráðs landbúnaðarins á rekstri Grænmetisverslunar landbúnaðarins og önnur ákvæði um starfsemi Grænmetisverslunar landbúnaðarins. Hér er því sett sú regla, að þar til rekstri Grænmetisverslunarinnar verður hætt af hálfu opinberra aðila, skuli fyrirtækið annast verslun með kartöflur og annað grænmeti og að Framleiðsluráð annist stjórn fyrirtækisins á þeim tíma. Fyrirtækið mun þannig taka til sölu innlenda framleiðslu þessara búvara og jafnframt taka þátt í innflutningi þessara vara eftir því sem tilefni gefst til og heimilaður verður fyrirtækinu skv. 42. gr. Eftir gildistöku þessara laga er hins vegar ekki gert ráð fyrir að Grænmetisverslun landbúnaðarins hafi einkarétt til þessara viðskipta með þeim hætti sem nú er.

Um B.

Samkvæmt gildandi lögum er tekjum af innheimtu kjarnfóðurgjaldi annars vegar ráðstafað til endurgreiðslna skv. b-lið 2. gr. a. l. nr. 95/1981, sbr. l. nr. 45/1981, og hins vegar ráðstafað skv. c-lið sömu greinar. Í báðum tilvikum gerir Framleiðsluráð tillögu um ráðstöfunina, en samþykki ráðherra þarf til hennar. Ekki er því víst að við gildistöku laganna hafi öllum tekjum af innheimtu kjarnfóðurgjaldi verið ráðstafað skv. nefndum heimildum og einnig kunna þá að vera útistandandi lán, sem veitt hafa verið úr þeim sjóði, sem myndaður er með kjarnfóðurgjaldinu eða innflytjendur eiga eftir að greiða gjöld, sem þeir hafa fengið gjaldfrest á. Nauðsynlegt er því að ákveða hvernig fari um ráðstöfun á þessum tekjum, þar sem í frv. eru gerðar verulegar breytingar á ráðstöfun tekna af því gjaldi, sem innheimta á af innfluttu fódri frá gildandi lögum og er hér sett sú regla að um ráðstöfun þessa fjár fari eftir ákvæðum laga nr. 95/1981.

Um C.

Samkvæmt 60. gr. eiga lögin að taka gildi 1. júní 1985, en þann sama dag kann verð á landbúnaðarvörum að breytast skv. 9. gr. l. nr. 95/1981, að óbreyttum lögum. Í frv. þessu er lagt til að breytingar verði gerðar á ákvörðunum verðs búvara og þar koma að nýir aðilar. Þessir nýju aðilar þurfa nokkurn tíma til að taka sínar fyrstu ákvarðanir og því er nauðsynlegt að sexmannanefnd ákveði verð landbúnaðarvara 1. júní 1985 og þá í samræmi við ákvæði laga nr. 95/1981 og starfsvenjur nefndarinnar. Þessar ákvarðanir og aðrar verðlagsákvarðanir, sem teknar hafa verið skv. lögum nr. 95/1981 halda gildi sínu þar til hlutaðeigandi aðilar taka nýjar ákvarðanir skv. hinum nýju lögum. Í grein F er ákveðið að fyrst skuli samið um verðlagsgrundvöll samkvæmt hinum nýju lögum, er gildi frá 1. september 1985 og munu þá ákvarðanir fimmannanefndar og verðlagsráðs fylgja þar í kjölfarið.

Í þessari grein er tekið fram, að ákvarðanir um innheimtu verðmiðlunargjalda skv. núgildandi lögum skuli halda gildi sínu þar til nýjar ákvarðanir hafa verið teknar þar um skv. hinum nýju lögum.

Um D.

Hinar breyttu reglur um verðábyrgð ríkisins skv. VIII. kafla frv. kveða á um hvert skuli vera hlutfall útflutningsbóta frá og með almanaksárinu 1986 og miðast greiðslur það ár við heildarverðmæti nánar tilgreindrar búvöruframleiðslu verðlagsárið 1985 til 1986. Ákvæði þessarar greinar er ætlað að tryggja að útflutningsbótaréttur búvöruframleiðenda, sem í gildandi lögum er miðaður við hvert verðlagsár, haldist óbreyttur á verðlagsárinu 1984 til 1985, sem lýkur 31. ágúst 1985, þó að þetta frumvarp verði að lögum.

Um E.

Þótt í frv. þessu sé lagt til að gerðar verði nokkrar breytingar á reglum um svonefnt búmarkskerfi, er óhjákvæmilegt að núgildandi reglur þar um, sem nú er einkum að finna í I. og II. kafla reglugerðar nr. 465/1983, haldi gildi sínu þar til nýjar ákvarðanir hafa verið teknar á grundvelli ákvæða hinna nýju laga.

Um F.

Samkvæmt 7. gr. laga nr. 95/1981 skal verðlagsgrundvöllur gilda hverju sinni í tvö verðlagsár og framlengist hann sjálfkrafa um tvö ár, nema honum sé sagt upp af fulltrúum framleiðenda eða neytenda í sexmannanefnd fyrir 1. júní á því ári, sem óskað er breytinga á honum, nema nefndin komi sér saman um annan frest. Með tilliti til þeirra breytinga, sem lagt er til að gerðar verði á reglum um samninga um verðlagsgrundvöll landbúnaðarvara með þessu frumvarpi, er hér kveðið á um að verðlagsgrundvöllur, sem um er samið skv. hinum nýju reglum, taki gildi 1. september 1985.

Nd. 916. Frumvarp til laga [492. mál]

um breyting á lögum nr. 9 13. febrúar 1970, um Iðnþróunarsjóð, sbr. lög nr. 43/1980.

(Lagt fyrir Alþingi á 107. löggjafarþingi 1984—85.)

1. gr.

Aftan við 1. gr. laganna komi tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Ríkisstjórninni er heimilt að staðfesta fyrir Íslands hönd breytingar á samningi, dags. 12. desember 1969, um stofnun norræns iðnþróunarsjóðs fyrir Ísland, sbr. viðbótarsamning, dags. 29. apríl 1980.

Texti breytinganna fylgir lögum þessum og teljast þær hluti af þeim. Þegar þær hafa öðlast gildi að því er Ísland varðar skulu ákvæði samningsins þannig breytt hafa lagagildi hér á landi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Fylgiskjal.

A. 1. liður samningsins orðist svo:

Tilgangur.

Tilgangur sjóðsins er að stuðla að uppbyggingu alhliða og samkeppnishæfs atvinnulífs á Íslandi og skal hann leggja megináherslu á tækni- og iðnþróun og samvinnu á sviði iðnaðar og viðskipta milli Íslands og hinna Norðurlandanna.

B. 3. liður samningsins orðist svo:

Gengisákvæði.

Reikningseining sjóðsins skal vera jöfn einum bandaríkjadal. Lán, sem tekin eru í öðrum gjaldmiðli en bandaríkjadal, skulu endurlánuð í sama gjaldmiðli. Lán, sem veitt eru af eigin fé sjóðsins, má veita í öðrum gjaldmiðli eftir ákvörðun stjórnar sjóðsins.

C. 4. liður samningsins orðist svo:

Starfshættir.

Sjóðurinn starfar að verkefni sínu með því:

- a) að veita lán til ákveðinna verkefna, annaðhvort einn eða í samvinnu við aðra aðila,
- b) að ábyrgjast lán sem veitt eru af öðrum aðilum,
- c) að kaupa í sérstökum tilvikum hlutabréf í nýjum og starfandi fyrirtækjum, enda verði að því stefnt að selja hlutabréfin strax og aðstæður leyfa og hagkvæmt þykir,
- d) að veita í sérstökum tilvikum lán með hagstæðum kjörum eða framlög, m. a. til tækniadstoðar, rannsókna, vörupróunar og markaðsathugana. Slík lán eða framlög mega samtals ekki nema meira en 10% af stofnfénu. Frá og með árinu 1980 er í sama tilgangi heimilt að ráðstafa til viðbótar 10% af eigin fé sjóðsins eins og það var í byrjun ársins 1980, auk 10% af rekstrarafgangi hvers árs, í fyrsta skipti af rekstrarafgangi ársins 1980.

Fé til ofangreindrar starfsemi fær sjóðurinn af stofnfé sínu, tekjum og með lántökum. Ákvarðanir um lánveitingar, hlutabréfakaup og ábyrgðir skulu vera í samræmi við almenn viðskiptasjónarmið.

Sjóðurinn skal stefna að því að tryggja eðlilega ávöxtun stofnfjár og eigin fjár. Lán, framlög eða ábyrgðir má veita til fyrirtækja í einkaeign eða í eigu opinberra aðila og til fjárfestingarlánasjóða sem hafa sama tilgang og sjóðurinn. Sama gildir um kaup á hlutabréfum.

Þess skal ávallt gætt að á móti óendurgreiddum stofnframlögum og lánnum til sjóðsins standi lán með fullnægjandi tryggingum.

Sjóðurinn skal hafa náið samstarf við íslenskar lánastofnanir.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með samningi ríkisstjórna Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar, dagsettum 12. desember 1969, var stofnaður norrænn iðnþróunarsjóður fyrir Ísland. Stofnun hans skapaði á sínum tíma ný viðhorf varðandi möguleika íslenskra iðnfyrirtækja til að fjármagna uppbyggingu og endurnýjun.

Sjóðurinn hefur tekið virkan þátt í margvíslegum verkefnum til eflingar íslenskum iðnaði. Meginviðfangsefnið samkvæmt stofnsamningi var að efla útflutningsiðnað og auðvelda aðlögun að breyttum markaðsaðstæðum á innlendum markaði vegna tollalækkana við aðild Íslands að EFTA.

Ráðstöfunarfé sjóðsins var í upphafi og til ársins 1980 einungis stofnfé hans, sem nam jafnvirði 14 milljóna bandaríkjadala, auk árlegra vaxta og afborgana af veittum lánnum.

Hinn 29. apríl 1980 var undirritaður viðbótarsamningur við samninginn um stofnun norræns iðnþróunarsjóðs fyrir Ísland. Með þeim viðbótarsamningi voru gerðar tvær breytingar á samningnum.

Í fyrsta lagi var sjóðnum veitt heimild til að taka lán til að fjármagna almenna lánastarfsemi og til að endurlána til sérstakra meiri háttar framkvæmda í iðnaði. Við það gert með breytingum á 5. mgr. 2. liðs og 2. mgr. 4. liðs.

Í öðru lagi voru auknar heimildir skv. 4. lið samningsins til að veita styrki og hagstæð lán til rannsókna á nýjum iðnaði, vöruþróunar, markaðsathugana o. fl., er nam 10% af eigin fé sjóðsins í upphafi árs 1980, og við þá upphæð hafa bæst árlega 10% af rekstrarafgangi hvers árs, í fyrsta skipti af rekstrarafgangi 1980. Var það gert með því að bæta nýjum málslíð við 3. mgr. 4. liðs.

Með frumvarpi þessu er lagt til að ríkisstjórninni verði veitt heimild til að staðfesta af Íslands hálfu nýjan viðbótarsamning við samninginn frá 12. desember 1969, sem felur í sér eftirfarandi þrjár meginbreytingar:

1. **Að verksvið sjóðsins verði víkkað.** Skv. gildandi samningi er tilgangur sjóðsins að stuðla að tækni- og iðnþróun Íslands við aðild að EFTA og auðvelda aðlögun iðnaðarins í því sambandi. Þar sem aðlögunartímabili vegna EFTA-aðildar er lokið, þykir tímabært að skilgreina hlutverk sjóðsins víðtækar en nú er gert. Megináherzla er þó áfram lögð á tækni- og iðnþróun og samvinnu á sviði iðnaðar og viðskipta milli Íslands og annarra norrænna landa. Með breytingum á skilgreiningu tilgangs sjóðsins er fyrst og fremst haft í huga að ekki leiki vafi á að sjóðurinn geti tekið þátt í fjármögnun arðvænlegra framkvæmda, sem horfa til nýjunga í atvinnustarfsemi, þótt umrædd starfsemi falli ekki undir hefðbundna skilgreiningu iðnaðar. Sama gildir um margvíslega starfsemi er tækniframfarir á tölvuöld munu leiða af sér.
2. **Að möguleikar í lánskjörum verði sveigjanlegri.** Skv. gildandi samningi eru almenn lán sjóðsins að fullu gengistryggð miðað við US \$. Með þeirri breytingu, sem lagt er til að gerð verði, mun sjóðurinn hafa möguleika á að taka lán í öðrum gjaldmiðli en US \$ og endurlána í sama gjaldmiðli. Einnig verður unnt að lána eigið fé sjóðsins út í íslenskum krónum með þeim kjörum, er stjórn sjóðsins ákveður. Gert er þó ráð fyrir að stofnfé sjóðsins, en það skal endurgreiddast í US \$, verði lánað út í US \$.
3. **Að auknir verði möguleikar sjóðsins til þátttöku í áhættufjármögnun.** Skv. gildandi samningi starfar sjóðurinn að verkefni sínu með því að veita lán og ábyrgðir. Með breytingu þeirri, sem lagt er til að gerð verði, hefur sjóðurinn möguleika á að kaupa og selja hlutabréf í starfandi hlutafélögum og taka þátt í stofnun nýrra. Ætlunin er að slík hlutafjárkaup komi því aðeins til, að ekki hafi reynst unnt að afla nauðsynlegs áhættufjármagns eftir öðrum leiðum og sýnt þyki, að álitlegu verkefni verði ekki hrundið í framkvæmd nema þátttaka sjóðsins komi til. Gert er ráð fyrir að sjóðurinn eigi hlutafé mjög tímabundið og að hlutabréf séu seld strax og aðstæður leyfa og hagkvæmt þykir.

Ofangreindar tillögur hafa verið gerðar af nefnd sem skipuð var af iðnaðarráðherra með bréfi, dags. 20. febrúar s. l., til að yfirfara lög og samning um Iðnþróunarsjóð. Nefndina skipuðu eftirtaldir menn:

Dr. Jóhannes Nordal, seðlabankastjóri, formaður, Bragi Hannesson, bankastjóri, Guðmundur Malmquist, hdl., og Þorvarður Alfonsson, framkvæmdastjóri.

Tillögurnar voru kynntar og ræddar ítarlega á fundi stjórnar Iðnþróunarsjóðs 14. mars s. l. og kom fram jákvæð afstaða fulltrúa þeirra landa er fundinn sóttu.

Þar sem breytingarnar fela ekki í sér nýjar fjárhagslegar skuldbindingar fyrir hin löndin virðast þær geta komið í kring með erindaskiptum á milli utanríkisráðuneyta landanna. Ríkisstjórnir allra Norðurlanda þurfa að samþykkja tillögurnar og staðfesta viðbótarsamning við samninginn þar að lútandi. Utanríkisráðuneytið vinnur nú að því að afla samþykkis ríkisstjórna hinna Norðurlandanna við breytingum þessum. Þykir því rétt að afla nú þegar heimildar Alþingis til þessara breytinga og að veita þeim lagagildi hér á landi. En til þess þarf að sjálfsgöðu að breyta lögum nr. 9/1970 um Iðnþróunarsjóð með áorðnum breytingum, sbr. lög nr. 43/1980, en með þeim lögum var stofnsamningnum og viðbótarsamningnum jafnframt veitt lagagildi hér á landi.

Samningurinn öðlast gildi 5 dögum eftir þann dag er öll aðildarríki hafa tilkynnt, að uppfylltar hafi verið kröfur, sem gerðar eru til gildistöku í hverju landi fyrir sig.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

1. gr. laga nr. 9 13. febrúar 1970 hljóðar nú svo:

„Ríkisstjórninni er heimilt að staðfesta fyrir Íslands hönd samning ríkisstjórna Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um stofnun norræns iðnþróunarsjóðs fyrir Ísland (Nordisk Industrialiseringsfond for Island), sem gerður var í Reykjavík 12. desember 1969. Texti samningsins fylgir lögum þessum og telst hluti af þeim og skulu ákvæði hans hafa lagagildi hér á landi.

Ríkisstjórninni er heimilt að staðfesta fyrir Íslands hönd breytingar á samningnum sem gerðar voru í Reykjavík 29. apríl 1980.

Texti breytinganna fylgir lögum þessum og teljast þær hluti af þeim. Þegar þær hafa öðlast gildi að því er Ísland varðar skulu ákvæði samningsins þannig breytt hafa lagagildi hér á landi.“

Með þeim breytingum á greininni, sem gerðar eru í frumvarpi þessu, er lagt til að ríkisstjórninni sé heimilt að staðfesta fyrir Íslands hönd breytingarnar, sem afgreiddar voru í stjórn sjóðsins 14. mars 1985. Þegar þær hafa öðlast gildi að því er Ísland varðar skulu ákvæði samningsins, þannig breytt, hafa lagagildi hér á landi.

Um A. Breyting á 1. lið samningsins um tilgang sjóðsins:

Iðnþróunarsjóður er stofnaður við aðild Íslands að EFTA. Samkvæmt gildandi lögum takmarkast verksemi sjóðsins við útflutningsiðnað og iðnaðarframleiðslu fyrir innlendan markað, sem varð fyrir breytingum á samkeppnisáðstöðu vegna tollalækkana og fríverzlunar við EFTA-aðild. Þar sem aðlögunartíma er lokið þykir tímabært að skilgreina verksemi sjóðsins víðtækar en nú er gert. Miðar 1. gr. samningsins að því. Megináherzla er þó áfram lögð á tækni- og iðnþróun og samvinnu á sviði iðnaðar og viðskipta milli Íslands og annarra norrænna landa. Með breytingum á skilgreiningu tilgangs sjóðsins er fyrst og fremst haft í huga að ekki leiki vafi á að sjóðurinn geti tekið þátt í fjármögnun arðvænlegra framkvæmda, sem horfa til nýjunga í atvinnustarfsemi, þótt umrædd starfsemi falli ekki undir hefðbundna skilgreiningu iðnaðar. Sama gildir um margvíslega starfsemi er tækniframfarir á tölvuöld munu leiða af sér.

Um B. Breyting á 3. lið samningsins um gengisákvæði:

Samkvæmt gildandi samningi eru almenn lán sjóðsins að fullu gengistryggð miðað við US \$. Sú mikla breyting sem átt hefur sér stað á síðustu árum á gengi flestra gjaldmiðla gagnvart US \$ hefur fært úr skordum sambengi á kjörum lána sem bundin eru gengi US \$ annars vegar og lána er bjóðast í öðrum gjaldmiðlum hins vegar. Með þeirri breytingu sem lagt er til að gerð verði mun sjóðurinn hafa möguleika á að taka lán í öðrum gjaldmiðli en

US \$ og endurlána í sama gjaldmiðli. Einnig verður unnt að lána eigið fé sjóðsins út í íslenskum krónum með þeim kjörum, er stjórn sjóðsins ákveður. Gert er þó ráð fyrir að stofnfé sjóðsins, en það skal endurgreiddast í US \$, verði lánað út í US \$.

Um C. Breyting á 4. lið samningsins um starfshætti:

Efnisleg breyting á þessum lið samningsins felur í aðalatriðum í sér að auk þess sem sjóðurinn starfar að verkefni sínu með því að veita lán og ábyrgðir, er honum heimilað að kaupa og selja hlutabréf í starfandi fyrirtækjum og taka þátt í stofnun nýrra. Ætlunin er að slík hlutafjárkaup komi því aðeins til, að ekki hafi reynzt unnt að afla nauðsynlegs áhættufjármagns eftir öðrum leiðum og sýnt þyki að álitlegu verkefni verði ekki hrundið í framkvæmd nema þátttaka sjóðsins komi til. Gert er ráð fyrir að sjóðurinn eigi hlutafé mjög tímabundið og að hlutabréf séu seld strax og aðstæður leyfa og hagkvæmt þykir. Þá skal það vera meginregla að um minnihlutaeign sjóðsins sé að ræða.

Ekki leikur vafi á að mikil þörf er á að brjóta upp á nýjum leiðum í fjármögnun framkvæmda og nýsköpunar í atvinnulífi á Íslandi. Er hér fyrst og fremst um að ræða aukið framboð á áhættufjármagni til þess að unnt sé að koma til móts við þarfir atvinnulífsins. Í þeim efnum gæti Iðnþróunarsjóður gegnt þýðingarmiklu hlutverki, sem mikil þörf er fyrir og aðrar fjármálastofnanir sinna ekki nema að mjög takmörkuðu leyti. Aðild Norðurlanda mundi greiða fyrir aðgangi að þekkingu og reynslu í þessum efnum, sem einnig er brýn þörf fyrir.

Með möguleikum á fjölþættari starfsháttum yrði sjóðurinn betur í stakk búinn til að leggja sitt af mörkum til að greiða fyrir nýsköpun í atvinnulífi og þeirri tæknivæðingu sem verður að eiga sér stað á Íslandi í náninni framtíð.

Nefna má dæmi þar sem hefðbundin lánsfjármögnun hentar ekki og þörf er fyrir fjármagn í öðru formi, auk utanaðkomandi þekkingar:

- a) Fyrirtæki hefur þörf fyrir að leita erlendra markaða. Það krefst verulegra fjárbindinga til margra ára í sölustarfsemi, sem ekki fer að skila sér í fjármagni frá rekstri fyrr en að nokkrum árum liðnum.
- b) Fyrirtæki þarf að leggja út í umfangsmikinn kostnað við þróun nýrrar framleiðslu og framleiðsluáferða til að styrkja stöðu sína á markaðnum.
- c) Fyrirtæki lendir á krossgötum vegna kynslóðaskipta. Nýir eigendur (erfingjar) hafa ekki áhuga né getu til að halda rekstri áfram og óska eftir að selja hluti sína.
- d) Fyrirtæki getur af ýmsum ástæðum lent í tímabundnum erfiðleikum vegna mistaka í stjórnun eða vegna óviðráðanlegra ytri aðstæðna og þurft á fjárhagslegri eða stjórnunarlegri endurskipulagningu að halda.
- f) Fyrirtæki er stofnsett til að fylgja eftir og nýta tækifæri sem talið er liggja í góðri framleiðsluhugmynd og sérþekkingu á svokölluðu hátæknisviði, þar sem veruleg áhætta fylgir.

Fjármagnsþörf, sem skapast við slíkar og aðrar svipaðar aðstæður, verður eins og áður segir ekki ávallt leyst svo viðunandi sé með hefðbundnu lánsfé. Því getur reynzt nauðsynlegt að í stað lánsfjár eða jafnhliða því komi til áhættufjármagn í einhverri mynd.

Hlutafé er algengasta formið varðandi áhættufjármögnun. Hlutafé getur verið í ýmsum myndum, t. d. mismunandi hvað varðar áhrif á stjórn, rétt til arðgreiðslna o. s. frv.

Lánsfé sem áhættufjármagn getur einnig verið með ýmsum hætti. Þar má hugsa sér lánsfé sem ekki er krafist trygginga fyrir og víkur fyrir öðru lánsfé verði fyrirtæki gjaldþrota, lánsfé sem ber vexti í ákveðnu hlutfalli við hagnað, lánsfé sem breyta má síðar í hlutafé. Þá má hugsa sér lán sem veitt er sem áhættufé til ákveðinna verkefna innan fyrirtækis, t. d. vöruþróunar, sem endurgreiddist því aðeins að verkefnið leiði til arðbærrar framleiðslu. Sjóðurinn hefur haft mjög takmarkað fjármagn til slíkra lánveitinga. Árangur af ráðstöfun þess fjár hefur verið mjög jákvæður.

Með hliðsjón af því, að möguleikar sjóðsins til áhættufjármögnunar eru auknir, þykir nauðsynlegt að skilgreina með öðrum hætti en áður, hvaða sjónarmið skuli höfð í huga við ákvörðun um fjárhagslegar skuldbindingar. Í gildandi samningi segir að lánveitingar skuli ákveðnar í samræmi við viðurkennd bankaleg og efnahagsleg sjónarmið. Með hliðsjón af fjölþættari starfsháttum, sem stefnt er að, þykir rétt að í staðinn komi, að ákvarðanir um lánveitingar, hlutabréfakaup og ábyrgðir skuli vera í samræmi við almennar grundvallarreglur viðskipta.

Auk þeirra efnisbreytinga, sem gerðar eru á 4. gr., hefur uppsetningu verið breytt þannig, að gildandi ákvæði um ráðstöfun 10% af tekjuafgangi eru talin upp sem sérstakur liður, d, í skilgreiningu á því með hvaða hætti sjóðurinn starfi að verkefni sínu.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.